

SKÝRSLA
UMBOÐSMANNS BARNNA
2016



UMBOÐSMANNA BARNNA



Skýrsla umboðsmanns barna

1. janúar 2016 – 31. desember 2016

Útgefandi:

Umboðsmaður barna
Kringlunni 1, 5. h.
103 Reykjavík
Heimasíða: www.barn.is
Netfang: ub@barn.is
2017

Prentun:

Svansprent

TIL FORSÆTISRÁÐHERRA

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna hef ég látið taka saman skýrslu þessa um starfsemi embættisins. Um er að ræða síðustu skýrslu mína sem umboðsmaður barna en 30. júní 2017 lýkur störfum mínum sem slíkur.


Síðustu tíu ár hafa verið viðburðarík, krefjandi, lærdómsrík og skemmtileg. Margt hefur áunnist þegar kemur að réttindum barna en enn eru mörg verkefni sem vinna þarf að. Því ákvað ég einnig í tengslum við starfslok mín að gefa út skýrslu um helstu áhyggjuefni við starfslok mín 2017. Sú skýrsla er komin út þegar þessi orð eru rituð.

Síðasta ár einkenndist af miklu leyti af þeim verkefnum sem ég hef viljað setja á oddinn áður en skipunartíma mínum lýkur. Mikil áhersla hefur verið lögð á þátttöku barna síðustu ár og var margt unnið á því sviði. Má þar helst nefna náið samstarf umboðsmanns og KrakkaRÚV um krakkakosningar, bæði í forseta- og Alþingiskosningum. Samstarfið var sérlega ánægjulegt og hefur vakið mikla eftirtekt og vonandi verður frekara samstarf á þessu sviði í framtíðinni. Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna var mjög öflugur á árinu og hefur staðið fyrir fræðslu og kynningu um réttindi barna víða í samfélaginu, svo sem hjá Jafningjafræðslu Hins Hússins, fyrir stjórnmalaflokka, ráðherra og fleira. Einnig hafa málefni barna sem leita að alþjóðlegri vernd verið ofarlega á baugi embættisins allt árið og verður það áfram næstu árin, en börn eru lítt sýnileg þegar kemur að þeim málaflokki.

Á árinu heimsótti ég fjölmarga grunnskóla á landinu og við lok árs 2016 átti ég aðeins eftir að heimsækja einn grunnskóla á Íslandi. Í byrjun árs 2017 var hringnum lokað. Einnig er ánægjulegt að segja frá því að ársskýrsla þessi er myndskreytt með myndum frá börnum í Grunnskóla Húnaþings vestra, sem ég heimsótti á árinu.

Ég vil að lokum þakka sérstaklega öllu því frábæra fólki sem starfar eða hefur starfað hjá embættinu, þeim sem unnið hafa með embættinu svo og velunnurum þess. Efst í huga er þó þakklæti til barnanna sem leitað hafa til embættisins eða þeirra sem ég hef heimsótt í skólum og fleiri stöðum, svo ég tali nú ekki um ráðgjafarhóp umboðsmanns barna, en hann hefur verið ómetanleg uppspretta innblásturs og hugmynda. Án barnanna væri embættið ekki til. Með þakklæti og gleði í hjarta kveð ég embættið eftir áratug í starfi og óska eftirmanni mínum velgengni í þessu mikilvæga starfi.

Reykjavík 30. maí 2017


Margrét María Sigurðardóttir





EFNISYFIRLIT

Til forsætisráðherra.....	1
STARFSEMI EMBÆTTISINS.....	5
Hlutverk umboðsmanns barna.....	5
Starfsfólk umboðsmanns barna.....	5
Erindi.....	6
Samskipti við börn.....	6
Vefsíða umboðsmanns barna.....	7
Verkefni umboðsmanns barna.....	8
Kynning á réttindum barna.....	8
BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA.....	10
Barnvæn sveitarfélög.....	10
FJÖLSKYLDUMÁLEFNI.....	12
Fjölskyldumiðstöð lokað.....	12
BARNAVERND.....	14
Skipun talsmanns í barnaverndarmálum.....	14
Öryggi barna í strætóferðum.....	16
MÁLEFNI BARNNA Í LEIT AÐ ALÞJÓÐLEGRI VERND.....	17
Börn í leit að alþjóðlegri vernd.....	17
Sameiginleg yfirlýsing vegna barna sem leita alþjóðlegrar verndar.....	20
Brottvísun hælisleitenda úr landi þar sem börn eiga í hlut.....	21
HAGSMUNIR OG SJÓNARMÍÐ BARNNA.....	22
HEILBRIGÐISMÁL.....	24
Geðheilbrigðisþjónusta við börn óviðunandi.....	24
Fóstureyðingar og getnaðarvarnir.....	25
SKÓLAMÁL.....	26
Niðurskurður á ekki að bitna á börnum.....	26
Námshögn á táknmáli.....	27
Gjaldfrjáls grunnmenntun.....	28
Myndbönd um nemendafélög og skólaráð.....	30
Notkun nemenda á eigin snjalltækjum í grunn- og framhaldsskólum.....	30
BÖRN OG MÓTMÆLI.....	32
FJÖLMIÐLAR.....	33
Myndbirting í fjölmiðlum.....	33
Umfjöllun um börn.....	33

RÁTTAKA BARNNA	35
Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna.....	35
Stjórnög unga fólksins.....	37
Krakkakosningar.....	37
UMSAGNIR	39
SAMSTARF	40
Innlendir samstarfsaðilar.....	40
Erlendir samstarfsaðilar.....	41
HEIMSÓKNIR, FUNDIR, MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR	43
Heimsóknir og fundir.....	43
Málþing og ráðstefnur.....	44
VIÐAUKI	46
Samantekt.....	46



STARFSEMI EMBÆTTISINS

HLUTVERK UMBOÐSMANNS BARNNA

Í lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994 er honum falið það mikilvæga hlutverk að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra.

Umboðsmaður barna skal vinna að því að tekið sé fullt tillit til barna á öllum sviðum samfélagsins, jafnt hjá opinberum aðilum sem og einkaaðilum, og bregðast við ef brotið er á réttindum þeirra. Umboðsmaður barna á að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna. Þá er embættinu ætlað að koma með ábendingar og tillögur um það sem betur má fara í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varða málefni barna. Einnig felst í hlutverki umboðsmanns að kynna almenningi þá löggjöf sem varðar börn sérstaklega.

Hefur umboðsmaður barna einhverjar upplýsingar um sögu forsjármála á Íslandi?

Hver er afstaða umboðsmanns barna til merkingar styrktaraðila á keppnistreyju barna í íþróttum?

Eru til einhverjar reglur eða lög um hvenær æfingar eiga að vera búnar á kvöldin?

Umboðsmanni barna er ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga. Honum er þó skylt að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál og benda á hvaða leiðir eru færar innan stjórnvæðis og hjá dómstólum.

STARFSFÓLK UMBOÐSMANNS BARNNA

Margrét María Sigurðardóttir hefur gegnt starfi umboðsmanns barna frá 1. júlí 2007 og lýkur því skipunartíma hennar þann 30. júní 2017. Auk hennar störfuðu fimm starfsmenn við embættið á árinu 2016, Auður Kristín Árnadóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Elísabet Gísladóttir og Nilsína Larsen Einaradóttir. Þær breytingar urðu þó á starfsliði umboðsmanns barna að Auður Kristín hvarf til annarra starfa í upphafi sumars og var Guðný Hrund Þórðardóttir ráðin í hlutastarf. Vegna breyttra aðstæðna hætti hún þó störfum í haustbyrjun og var Þorgerður Einaradóttir ráðin í hennar stað. Um 3,5 stöðugildi voru því yfir árið. Þá voru

Hefur umboðsmaður barna eitthvað að segja um æfingatíma barna í íþróttum utan skóla?

Getur umboðsmaður barna beitt sér fyrir barnaverndarmálum í Noregi?

fjórir háskólanemar í starfsnámi hjá umboðsmanni barna á árinu, þar af voru tveir nemar sem stunduðu nám í lögfræði og tveir nemar sem stunduðu nám í uppeldis- og menntunarfræði, allir frá Háskóla Íslands.



ERINDI

Dagleg störf á skrifstofu umboðsmanns barna mótast mikið af þeim erindum sem embættinu berast. Erindin eru af margvíslegum toga og eru það ýmist einstaklingar, stofnanir, félagsamtök eða fjölmiðlar sem leita til umboðsmanns barna og óska eftir upplýsingum eða ráðgjöf varðandi málefni barna. Einnig berast þó nokkur erindi frá nemendum í grunn-, framhalds- og háskólum þar sem leitað er svara við ýmsu sem snertir réttindi barna og Barnasáttmálann. Málaflokkarnir eru margir og fjölbreytilegir enda koma hagsmunir barna við sögu á flestum sviðum samfélagsins. Ákveðnir málaflokkar eru þó meira áberandi en aðrir og ber þar helst að nefna forsjár- og umgengnismál, mál sem varðar lögheimili barna, skólamál, barnaverndarmál og heilbrigðismál.

Hvað felst í því að barn leiti til umboðsmanns barna?

Ég er 11 ára strákur og langar að byrja að fara í ræktina. Er það leyfilegt?

Eins og áður hefur verið minnst á er umboðsmanni barna ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga eða mál einstaklinga sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum eða dómstólum. Fjöldi erinda sem embættinu berast varða þó slík mál.

Getur umboðsmaður barna aðstoðað mig við að fá sjúkragögn dóttur minnar afhent?

Hvað finnst umboðsmanni barna um áfengissölu á tónleikum Justin Bieber?

Umboðsmaður barna kappkostar að veita þeim einstaklingum sem leita til hans greinargóðar upplýsingar, leiðbeiningar og ráð, eins og unnt er hverju sinni.

Hvað mega 10 ára börn vera lengi úti?

Á árinu 2016 bárust alls 1752 erindi til umboðsmanns barna, þar af 1041 munnlegt erindi og 711 skrifleg, þar af voru 182 erindi frá börnum, 134 skrifleg og 48 munnleg erindi. Með munnlegum erindum er átt við öll símtöl sem berast embættinu og viðtöl við einstaklinga sem eiga sér stað á skrifstofu þess. Með skriflegum erindum er átt við allar fyrirspurnir og erindi sem varða ákveðið barn eða hóp barna. Þar að auki berast umboðsmanni barna reglulega ýmiss konar ábendingar, upplýsingar og boð á viðburði.

SAMSKIPTI VIÐ BÖRN

Hæ. Má foreldri taka símann minn af mér eftir að við erum búin að rífast?

Frá því að embætti umboðsmanns barna var stofnað hefur verið lögð rík áhersla á að ná til barna og ungmennta til þess að fræða þau og ræða um réttindi þeirra. Einnig vill umboðsmaður barna heyra skoðanir barna og sjónarmið og fá ábendingar um það sem betur mætti fara. Mikilvægt er fyrir embætti, sem vinnur í þágu barna, að aðgengi fyrir börn sé tryggt og að þau geti á einfaldan hátt leitað til umboðsmanns barna með erindi og fengið upplýsingar um réttindi sín. Er því ávallt reynt eftir fremsta megni að svara þeim börnum sem leita til embættisins eins fljótt og hægt er. Börn sem leita til þangað geta rétt við umboðsmann barna eða aðra starfs-

Má ég flytja til pabba míns þó að mamma sé ein með forsjá yfir mér?

16 ára drengur: Má annað foreldrið mitt banna mér hluti með því að segja „Þú ert ekki orðinn 18 ára svo ég ræð á meðan þú ert á minni ábyrgð?“ Hvað get ég notað gegn þessu?

Getu foreldrar mínir bannað mér að flytja út?





menn embættisins í fullum trúnaði. Starfsmenn embættisins eru þó bundnir af ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 um tilkynningaskyldu með sama hætti og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Flest erindi frá börnum berast í gegnum Netið, ýmist með tölvupósti á netfang embættisins, ub@barn.is, eða í gegnum heimasíðuna, undir liðnum spurt og svarað. Þegar erindi berst eftir síðari leiðinni getur viðkomandi barn ráðið því hvort svar við því birtist á heimasíðunni www.barn.is eða hvort það fái sent persónulegt svar á netfang sitt. Ekki er gerð krafa um að börn gefi upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar. Ýmis svör við spurningum sem borist hafa frá börnum og unglingum er hægt að lesa á barna- og unglingasíðu embættisins. Þó svo að fyrrgreindar leiðir séu algengastar þegar börn leita til umboðsmanns barna hefur það færst í aukana að bæði börn og fullorðnir komi á skrifstofu hans og óski eftir upplýsingum og aðstoð. Umboðsmaður barna hefur leitast við að aðlaga húsnæði sitt að þörfum barna auk þess sem skrifstofan er nú vel merkt og í umhverfi þar sem börn venja komur sínar.

Umboðsmaður barna leitast einnig við að eiga samskipti við börn með öðrum hætti, t.d. með því að fara í heim-sóknir og halda kynningar fyrir skóla, frístundaheimili og ungmenningaráð. Á árinu 2016 hitti umboðsmaður og starfsfólk hans hátt í 2000 börn á öllum aldri og ræddi við þau um réttindi og hagsmunamál þeirra. Umboðsmaður barna er einnig með sérstakan ráðgjafarhóp sem hann hittir með reglubundnu millibili en þar eiga sæti unglingar á aldrinum 13 til 18 ára. Nánar er fjallað um ráðgjafarhópinn síðar.

VEFSÍÐA UMBOÐSMANNS BARNNA

Hvað á að gera ef barnavernd er ekki að standa sig?

Vefsíðu embættisins, www.barn.is¹, er ætlað að vera almennur gagnagrunnur um réttindi og ábyrgð barna og hvaðeina sem varðar hagsmuni þeirra. Vefsíðan skiptist í tvo hluta, þ.e. aðalsíðu og barna- og unglingasíðu.

Á aðalsíðunni má finna upplýsingar um starfsemi embættisins. Þar eru einnig margvíslegar upplýsingar um réttindi barna, þau lög og reglur sem gilda um hina ýmsu málaflokka og upplýsingar um stofnanir og samtök sem koma að málefnum barna.

Er í lagi að skilja ungabarn eftir eitt í bíl?

Hvert er álit umboðsmanns barna á aðgerðum á intersex-börnum?

Barna- og unglingasíðunni er ætlað að veita börnum og unglingum upplýsingar og ráðgjöf um réttindi sín á einfaldan og aðgengilegan hátt. Á síðunni er auk þess að finna upplýsingar um mismunandi málaflokka og leiðbeiningar um hvert sé hægt að leita til að fá frekari aðstoð. Heimasíðan er jafnframt vettvangur fyrir börn og unglinga til þess að koma skoðunum sínum á framfæri en þar geta þau sent inn ábendingar eða fyrirspegnir til umboðsmanns barna eins og áður segir.

¹ Einnig er hægt að fara inn á heimasíðuna í gegnum www.umbodsmadurbarna.is.

VERKEFNI UMBOÐSMANNS BARNA

*Hvaða
reglur gilda
um öryggi hjá
dagforeldrum?*

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994 kveða á um lögbundin verkefni embættisins. Hins vegar ræðst starfsemin að nokkru leyti af þeim erindum sem berast embættinu, eins og þegar hefur komið fram.

Einnig getur umboðsmaður tekið mál til skoðunar að eigin frumkvæði og komið með tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirætlum stjórnvalda er varða börn sérstaklega. Umboðsmaður barna skal einnig stuðla að því að þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að, og snerta réttindi og velferð barna, séu virtir. Á það fyrst og fremst við um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn, en hann er mikilvæg stoð fyrir allt starf embættisins. Á ári hverju sinnir umboðsmaður barna fjölmörgum erindum og verkefnum sem snerta mörg svið þjóðfélagsins. Ekki er hægt að gera grein fyrir öllu því sem hann fæst við með

*Á að greiða
skaðabætur
barna til þeirra
sjálfra eða foreldra
þeirra?*

tæmandi hætti í skýrslu sem þessari. Verður því aðeins leitast við að gera grein fyrir helstu verkefnum embættisins á árinu.

*Er
raunverulega
verið að hugsa
um hagsmuni
barna þegar
kemur að
birtingu
dóma?*

*Einhverfum
strák var neitað
um þjónustu í
Smáratívoli. Má
það?*

KYNNING Á RÉTTINDUM BARNA

*Hefur
svindl á prófi
áhrif á það hvaða
framhaldsskóla
ég kemst inn í?*


Samkvæmt c-lið 2. mgr. 3. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994 skal embættið stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni. Kynning á hlutverki og starfsemi embættisins, sem og fræðsla um réttindi barna á öllum sviðum, er því veigamikill þáttur í starfi umboðsmanns ár hvert. Auk þess er reglulega óskað eftir því að umboðsmaður barna haldi erindi á málþingum eða ráðstefnum um sértækari málefni og veiti fjölmiðlum viðtöl. Umboðsmaður reynir ávallt að bregðast við slíkum beiðnum.

Umboðsmaður barna hefur sett það markmið að heimsækja alla skóla landsins fyrir mailok árið 2017 og er því sérstök áhersla lögð á skólaheimsóknir. Þeir sem umboðsmaður barna hélt kynningu fyrir á árinu eru eftirfarandi:

*Mega
foreldrar
neyða mann til
sálfræðings?*

Grunnskólar:

- Álftanesskóli
- Árskógaskóli
- Árskóli
- Breiðholtsskóli
- Blönduskóli
- Brekkubæjarskóli




- Dalvíkurskóli
- Engidalsskóli
- Eskifjarðarskóli
- Fellaskóli
- Flataskóli
- Grandaskóli
- Grunnskóli Borgarfjarðar (Hvanneyri)
- Grunnskóli Borgarfjarðar (Kleppjárnsreykir)
- Grunnskóli Borgarfjarðar (Varmaland)
- Grunnskóli Djúpavogs
- Grunnskóli Fjallabyggðar (Ólafsvík)
- Grunnskóli Grundarfjarðar
- Grunnskóli Húnaþings vestra
- Grunnskóli Snæfellsbæjar (Hellissandi)
- Grunnskóli Snæfellsbæjar (Ólafsvík)
- Grunnskólinn austan vatna (Hofsósi)
- Grunnskólinn austan vatna (Hólum)
- Grunnskólinn í Borgarnesi
- Grunnskólinn í Grímsey
- Grunnskólinn í Hofgarði
- Grunnskólinn Vík í Mýrdal (Víkurskóli)
- Heiðarskóli
- Húnavallaskóli
- Höfðaskóli
- Ísaksskóli
- Kársnesskóli
- Laugagerðisskóli
- Laugalandsskóli í Holtum
- Lindaskóli

- Lýsuhólsskóli
- Lækjarskóli
- Nesskóli (Neskaupsstað)
- Setbergsskóli
- Stöðvafjarðarskóli
- Vallarskóli
- Varmahlíðarskóli
- Vogaskóli
- Vopnafjarðarskóli
- Waldorfskólinn Lækjarbotnum
- Waldorfskólinn Sólstafr
- Pelamerkurskóli
- Þingeyjarskóli
- Þjórsárskóli

Aðrir:

- Samfés
- Samfok
- Námskeið fyrir Alþingismenn



BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Hvað mega foreldrar gera? Gengur Barnasáttmálinn of langt á rétt foreldra?

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáradilum. Að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram hina fullorönu. Barnasáttmálinn er útbreiddasti mannréttindasamningur heims en hann hefur verið fullgiltur hjá nánast öllum þjóðum heims. Sáttmálinn var undirritaður fyrir Íslands hönd árið 1990 og fullgiltur í nóvember árið 1992. Í febrúar 2013 var hann síðan lögfestur á Alþingi með lögum nr. 19/2013.

Á árinu 2016 samþykkti Alþingi tillögu um að helga 20. nóvember ár hvert fræðslu um mannréttindi barna en sú tillaga var lögð fram af talsmönnum barna á Alþingi. Umboðsmaður barna telur það afar ánægjulegt að tillagan hafi verið samþykkt. Í henni felst að inn- anríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra skuli beita sér fyrir því að afmælisdagur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna – 20. nóvember – verði ár hvert helgaður fræðslu um mannréttindi barna í skólum landsins. Að mati umboðsmanns barna er þetta mikilvægt skref í þá átt að auka vægi mannréttindafræðslu í skólum landsins og vonar hann að þetta leiði til aukinnar þekkingar á réttindum meðal barna, foreldra og starfsfólks skóla. Af þessu tilefni sendi umboðsmaður barna bréf til innanríkisráðuneytisins, þann 24. ágúst 2016, þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvort og þá með hvaða hætti fyrrgreind ráðuneyti hafi brugðist við þessari tillögu. Umboðsmaður barna taldi mikilvægt að þessi dagur yrði undirbúinn sem fyrst og lýsti hann sig reiðubúinn til að koma að þeirri vinnu væri þess óskað. Samtökunum Barnaheillum – Save the Children á Íslandi hefur verið falið að sjá um framkvæmd á þessum degi og hafa samtökin sett upp upp sérstakt vefsvæði helgað þessari fræðslu. Á árinu 2016 bar 20. nóvember upp á sunnudag og voru því leik-, grunn- og framhaldsskólar hvattir til að helga föstudaginn 18. nóvember mannréttindum barna. Á vefsíðu Barnaheilla – Save the children á Íslandi er hægt að finna ýmsar upplýsingar og hug-

Er hægt að fá sjálfraði 17 ára undir einhverjum kringumstæðum, ef maður getur ekki verið lengur heima hjá sér?

Má 15 ára stelpa eiga kærasta sem er 18 ára?

Má neita manneskju um aðgang vegna kyns?

Inni á svæðinu eru einnig tenglar á stutt myndbönd þar sem börn á öllum aldri svara spurningum um mannréttindi barna. Við hvetjum kennara til að sýna

myndböndin á deginum sjálfum. Þá er hvatt til þess að skól- ar sýni afrakstri verkefnanna á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #dagurmannrettindabarna.

BARNVÆN SVEITARFÉLÖG

Er löglegt af sveitarfélagi að hafa börn í skóla sem stenst engar öryggis- eða heilbrigðis- kröfur?

Umboðsmaður barna hefur á undanförmum árum lagt mikla áherslu á að fylgja lögfestingu Barnasáttmálans eftir og stuðla að því að hann verði raunverulega innleiddur hér á landi. Með innleiðingu er átt við að honum verði beitt í framkvæmd þannig að börn njóti í raun réttinda sinna í daglegu lífi. Frá árinu 2014 hefur umboðsmaður barna unnið í samstarfi við UNICEF á Íslandi að gerð vefsíðu um innleiðingu Barnasáttmálans sem nefnist „Barnvæn sveitarfélög“. Markmiðið með vefsíðunni er að gera sveitarfélögum og öðrum aðilum kleift að nota Barnasáttmálann sem hagnýtt verkfæri í allri sinni vinnu. Vefsíðan var formlega opnuð á Akureyri í október 2016 en Akureyrarbær hefur tekið að sér að vera fyrsta barnvæna sveitarfélagið.



Á vefnum er að finna upplýsingar um innleiðingu Barnasáttmálans, þ.e. upplýsingar um hvernig hægt sé að nýta hann við ákvarðanir sem varða börn og þjónustu við þau. Vefurinn er ætlaður sveitarfélögum en aðrir áhugasamir aðilar geta að sjálfsögðu nýtt sér efnið sem þar er að finna. Umboðsmaður barna vonar að þessi vefur muni styðja við innleiðingu Barnasáttmálans og verði til þess að réttindi barna verði betur virt í framkvæmd. Fréttatilkynning sem send var út vegna opunar vefsíðunnar var eftirfarandi:

Verkefnið Barnvæn sveitarfélög

UNICEF á Íslandi og umboðsmaður barna kynntu í morgun verkefnið Barnvæn sveitarfélög, innleiðingarlíkan og vef (www.barnvaensveitarfelog.is) sem styður sveitarfélög í innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kynningin fór fram á Akureyri í fundarsal bæjarstjórnar sveitarfélagsins. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities, en það hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga um allan heim. Sveitarfélög sem taka þátt og innleiða Barnasáttmálann geta hlotið viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög frá UNICEF á Íslandi.

Akureyri verður fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að nýta sér líkanið og tekur þátt í tilraunaverkefni í þróun þess til tveggja ára í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Eiríkur Björnsson, bæjarstjóri á Akureyri og Bergsteinn Jónsson, framkvæmdarstjóri UNICEF á Íslandi, skrifuðu undir samstarfsyfirlýsingu þess efnis í morgun. Við sama tækifæri tilkynnti fulltrúi innanríkisráðuneytisins um styrk úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Akureyrar fyrir þátttöku í verkefninu.

Sveitarfélög eru órjúfanlegur þáttur í innleiðingu Barnasáttmálans

Í kjölfar þess að Alþingi lögfesti Barnasáttmálann í febrúar 2013 hafa skapast umræður um hlutverk og ábyrgð íslenskra sveitarfélaga við innleiðingu hans. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur meðal annars bent á að sveitarfélög séu órjúfanlegur þáttur í innleiðingu hans. Þótt ríkisvaldið beri formlega ábyrgð á að uppfylla Barnasáttmálann verður hann aldrei innleiddur nema í samstarfi við sveitarfélögin. Það er hlutverk þeirra að annast stærsta hluta þeirrar þjónustu sem hefur bein áhrif á daglegt líf barna.

Með verkefninu vilja umboðsmaður barna og UNICEF svara eftirspurn frá sveitarfélögum landsins um stuðning við innleiðingu Barnasáttmálans. En í kjölfar lögfestingarinnar hefur hún aukist hratt. „Við höfum unnið að þessu verkefni í tvö ár og erum ákaflega stolt af því. Von mín er að þetta marki næsta skrefið í því að tryggja réttindi barna í daglegu lífi og að öll sveitarfélög á Íslandi komi til með að innleiða Barnasáttmálann,“ segir Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna.

Barnvæn sveitarfélög vinna markvisst að því að uppfylla réttindi barna

Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í starfi sínu og að forsendur hans gangi sem rauður þráður í gegnum þjónustu þess. Líkja má innleiðingunni við að starfsmenn og kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins setji upp „barnaréttindagleraugu“ og rýni og skoði verk- og ákvarðanaferla með hliðsjón af sáttmálanum. Barnasáttmálinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna. Ferlið við að gerast barnvænt sveitarfélag krefst pólitískrar skuldbindingar, sem er grundvöllurinn fyrir innleiðingu Barnasáttmálans í sveitarfélaginu, ásamt samræmdum aðgerðum þvert á öll svið sveitarfélagsins.

„Barnasáttmálinn boðar byltingarkennda sýn á stöðu barna og gerir þá kröfu að börn njóti í senn umönnunar og verndar, samhliða því að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Það er lítil lýðræðisleg hefð fyrir því hér á landi að börn séu höfð með í ráðum í málum sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Innleiðing sáttmálans krefst því markvissra aðgerða af hálfu stjórnvalda ef uppfylla á forsendur hans,“ segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdarstjóri UNICEF á Íslandi.

Innleiðingarlíkan og viðurkenning

Innleiðingarlíkanið Barnvæn sveitarfélög er aðgengilegt á vefsíðunni www.barnvaensveitarfelog.is og geta áhugasamir einstaklingar, kjörnir fulltrúar og starfsfólk sveitarfélaga nálgast þar allar nauðsynlegar upplýsingar um innleiðingu Barnasáttmálans. Sveitarfélög sem hafa áhuga á að hefja markvisst ferli við innleiðingu sáttmálans geta einnig skráð sig til þátttöku á vefsíðunni. Innleiðingarferlið tekur tvö ár og skiptist í 8 skref. Að því loknu geta sveitarfélögin sótt um viðurkenningu frá UNICEF sem barnvæn sveitarfélög. Viðurkenningin er háð því að starfsfólk UNICEF meti sem svo að innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar og að aðgerðaráætlun verkefnisins fylgi hugmyndafræði þess. Til að viðhalda viðurkenningunni þarf sveitarfélag að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati að þremur árum liðnum.

FJÖLSKYLDUMÁLEFNI.

16

*16 ára stúlka:
Er mikið mál að
breyta forsjá og
ræð ég einhverju
um það?*

Á hverju ári berast umboðsmanni barna fjölmörg erindi sem varða fjölskylduna á einhvern hátt. Raunar eru þau erindi sem snúa að forsjá, umgengni og lögheimili langstærsti málaflokkur embættisins. Þær spurningar sem lúta að þessum málaflokki eru margvíslegar, t.d. biðja einstaklingar oft um upplýsingar um hvernig bregðast skuli við ákveðnum aðstæðum eða hvaða réttarreglur gilda í ákveðnum málum. Erindi vegna umgengni eru áberandi og eru foreldrar þá oft að velta fyrir sér fyrirkomulagi umgengni, skiptingu umgengni, hvernig eigi að bregðast við ef barn vill ekki umgangast annað foreldri, umgengni milli landa og við aðra úr stórfjölskyldu barns, svo dæmi séu nefnd.

*Mega
16 ára börn
ekki velja sjálf
hvort þau fara í
umgengni til
foreldris.*

*Hvað
get ég gert
ef móðir barns
míns vill minnka
umgengni?*

*Hver
ber
ábyrgð á
ferðakostnaði
barns vegna umgengni á
milli landa og hversu
oft á hún að fara
fram?*

FJÖLSKYLDUMIÐSTÖÐ LOKAÐ

*Hafa
ömmur
og afar rétt til
umgengni við
barnabörn
sín?*

Umboðsmaður barna fékk fregnir af því að til stæði að loka starfsemi

*Hvað
er hægt að
gera þegar foreldri
vill ekki standa við
samkomulag um
lögheimilis-
breytingar?*

Fjölskyldumiðstöðvarinnar sem Rauði krossinn hefur rekið um árabíl. Starfsemi miðstöðvarinnar hefur reynst fjölskyldum mikilvægur stuðningur í erfiðum málum og þykir það miður að starfsemi hennar skuli lokið. Umboðsmaður barna sendi því bréf til velferðarráðuneytisins, velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins vegna þess.

*Hvert á maður
að leita varðandi
forsjá og lögheimili
barns við
sambandslit?*

*þarf
foreldri
sem er með
sameiginlega
forsjá að
greiða meðlag?*

Bréfið var svohljóðandi:



Efni: Fjölskyldumiðstöðin

Fjölskyldan er almennt talin best til þess fallin að hlúa að þroska og uppeldi barna. Endurspeglast það meðal annars í inngangi að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, en þar er viðurkenndur réttur hvers barns til þess að „alast upp innan fjölskyldu við hamingju, ást og skilning, til þess að persónuleiki þess geti mótast á heilsteyptan og jákvæðan hátt“. Almennt eru það foreldrar sem bera meginábyrgð á uppeldi og þroska barna og ber þeim að sjá til þess að börnum líði vel innan fjölskyldu sinnar. Samkvæmt Barnasáttmálanum er ríkinu þó skylt að veita foreldrum aðstoð til þess að sinna hlutverki sínu með fullnægjandi hætti, sbr. til dæmis 2. mgr. 18. gr. sáttmálans.

Þegar samskipti eru af einhverjum ástæðum erfið innan fjölskyldunnar getur það skapað mikla togstreitu í lífi barns og haft verulega neikvæð áhrif á líðan þess. Mörg af þeim erindum sem börn senda til umboðsmanns barna varða einmitt samskiptavanda innan fjölskyldunnar og í slíkum málum bendir umboðsmaður gjarnan á þann möguleika að fara í fjölskylduráðgjöf.

Í sumum sveitarfélögum hefur verið í boði ókeypis fjölskylduráðgjöf en ekki öllum. Umboðsmaður barna hefur gagnrýnt þetta og bent á að börnum sé mismunað að þessu leyti eftir búsetu. Það var því afar ánægjulegt að sjá að í þeim drögum að fjölskyldustefnu sem velferðarráðuneytið lagði fram á síðasta ári var eitt af markmiðunum að bæta og jafna aðgengi að fjölskylduráðgjöf. Í athugasemdum með tillögunni er meðal annars tekið fram að aðgengi að fjölskylduráðgjöf geti skipt „sköpum ef vandi er fyrir hendi, því að þar er grunnur lagður að andlegu og líkamlegu heilbrigði barnsins“.

Eitt af þeim úrræðum sem hefur verið til fyrirmyndar þegar kemur að fjölskylduráðgjöf er Fjölskyldumiðstöðin, en hún hefur undanfarin ár veitt börnum og fjölskyldum þeirra ókeypis ráðgjöf og aðstoð. Þó að fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu eigi vissulega auðveldara með að nýta sér þjónustu hennar, hefur hún verið opin öllum fjölskyldum, óháð búsetu. Umboðsmaður barna vísar börnum, foreldrum og öðrum á þetta úrræði í hverri viku og hefur það reynst mörgum fjölskyldum ómetanleg aðstoð.

Umboðsmaður barna hefur fengið þær fréttir að fyrirhugað sé að leggja niður Fjölskyldumiðstöðina. Er það mikil áhyggjuefni að mati embættisins, enda myndi það hafa afar neikvæð áhrif á börn ef þetta mikilvæga úrræði væri ekki til staðar. Umboðsmaður skorar því á alla þá aðila sem hafa komið að rekstri úrræðisins að endurskoða þá ákvörðun og leita allra leiða til þess að halda því gangandi. Má í því sambandi minna á að við allar ákvarðanir sem varða börn á það sem er börnum fyrir bestu ávallt að vera haft að leiðarljósi, sbr. meðal annars 3. gr. Barnasáttmálans.

Opinberir aðilar eiga að tryggja að fjölskyldum standi sú aðstoð sem þær þurfa til þess að velferð barna sé tryggð. Umboðsmaður barna skorar því sérstaklega á velferðarráðuneytið, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og aðra opinbera aðila að styrkja Fjölskyldumiðstöðina.

Virðingarfyllt,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

BARNAVERND

SKIPUN TALSMANNS Í BARNAVERNDARMÁLUM

Má barnaverndarfulltrúi hóta umbjóðendum sínum?

Samkvæmt barnaverndarlögum ber barnaverndarnefnd að taka afstöðu til þess hvort skipa eigi barni talsmann þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls. Þá skal að jafnaði skipa barni talsmann ef til greina kemur að vista barn utan heimilis. Niðurstöður nýrrar rannsóknar benda til þess að almennt fari ekki fram raunverulegt mat á því hvort barn hafi þörf fyrir talsmann á fyrri stigum barnaverndarmáls. Einungis 43% barna var skipaður talsmaður í þeim tilvikum sem fyrirhugað var að vista barn utan heimilis. Er þetta mikið áhyggjuefni að mati umboðsmanns barna, enda ljóst að einhverjar barnaverndarnefndir uppfylla ekki lagaskyldur sínar að þessu leyti.

Umboðsmaður hefur skilning á því að mikið álag er á starfsfólki barnaverndar og fjármagn til málaflöksins af skornum skammti. Hann telur þó mikilvægt að barnaverndarnefndir

Hvert er hægt að snúa sér ef barnaverndarnefnd sinnir ekki starfi sínu nógu vel?

Hefur barn rétt á lögmanni í barnaverndarmálum?

og starfsfólk þeirra sé meðvitað um skyldur sínar til þess að tryggja rétt barna til að tjá sig. Þó að starfsfólk barnaverndar sé í flestum tilvikum vel fært um að ræða við

17 ára drengur:
Foreldrar mínir vilja senda mig á Stuðla. Á ég ekki rétt á að neita því og vera heima hjá mér?

börn er ljóst að það getur ekki komið í stað talsmanna, enda er um að ræða handhafa opinbers valds sem þurfa einnig að taka tillit til sjónarmiða foreldra og framkvæma heildar- mat á því hvað sé barni fyrir bestu.

Hlutlaus talsmaður sem gegnir einungis því hlutverki að koma vilja og skoðunum barns á framfæri getur því verið mikilvæg forsenda þess að réttur barna til að hafa áhrif sé raunverulega virtur. Umboðsmaður barna skorar því á barnaverndaryfirvöld að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort skipa eigi barni talsmann og ávallt í þeim tilfellum ef til greina kemur að vista barn utan heimilis.

Þann 29. apríl 2016 sendi umboðsmaður barna bréf til félags- og húsnæðismálaráðherra þar sem skorað er á ráðherra að beita sér fyrir því að skylda barnaverndarnefnd að skipa barni talsmann í barnaverndarmálum og það verði skerpt enn frekar og hlutverk talsmanns skýrt nánar í löggjöf.

Við hvern get ég haft samband þegar ég hef áhyggjur af velferð barna á heimili vinkonu minnar?

Bréfið var svohljóðandi:



Félags- og húsnæðismálaráðherra
Eygló Harðardóttir
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2016

Efni: Skipan talsmanns fyrir börn í barnaverndarmálum

Réttur barna til þátttöku er tryggður í 1. mgr. 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, en þar kemur fram að tryggja skuli barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjállega í ljós í öllum málum sem það varðar, og tekið skuli tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Í 2. mgr. ákvæðisins er áréttað að veita skuli barni tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar.

Á síðustu árum hefur verið lögð sífellt aukin áhersla á mikilvægi þess að tryggja raunverulega og virka þátttöku barna í öllum málum sem varða þau. Þátttaka barna skiptir sérstaklega miklu máli í barnaverndarmálum, þar sem oftast er um að ræða viðkvæm mál sem eru til þess fallin að hafa mikil áhrif á líðan og velferð barna til lengri tíma.

Rannsóknir á þroska barna hafa leitt í ljós að börn geta frá unga aldri tekið þátt í ákvarðanatöku um málefni sem þau varða. Börn eru sjálf sérfræðingar í eigin lífi og búa yfir mikilvægri þekkingu og reynslu sem brýnt er að taka tillit til áður en gerðar eru ráðstafanir sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Allar ákvarðanir barnaverndaryfirvalda skulu taka mið af því sem er barni fyrir bestu, sbr. 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 3. gr. Barnasáttmálans. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur itrekað bent á að ekki sé hægt að meta hvað sé barni fyrir bestu án þess að barn hafi fengið raunverulegt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, á eigin forsendum. Auk þess hefur verið sýnt fram á að það eflir sjálfmynd barns að fá tækifæri til að tjá sig og eykur líkurnar á því að það sætti sig við þá ákvörðun sem er tekin, óháð því hvort hún sé í samræmi við vilja þess eða ekki.

Ein leið til að tryggja að réttur barns til að hafa áhrif sé virtur er að skipa barni talsmann, sbr. 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga. Í ljósi þess hversu íþyngjandi barnaverndarmál geta verið fyrir börn, gegna talsmenn oft á tíðum mjög mikilvægu hlutverki. Þeirra hlutverk er að hlusta á sjónarmið barnsins og koma þeim á framfæri við meðferð barnaverndarmála. Samkvæmt fyrrnefndri 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga er barnaverndarnefnd skylt að meta hvort ástæða sé til þess að skipa barni talsmann þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls. Þar kemur auk þess fram að jafnaði skuli skipa barni talsmann áður en kemur til vistunar utan heimilis. Er því ljóst að barn á ávallt rétt á því að fá talsmann ef til greina kemur að beita því íþyngjandi úrræði að vista það utan heimilis, nema sérstakar ástæður mæla gegn því, svo sem ef um er að ræða mjög ungt barn sem er ekki fært um að mynda eigin skoðanir.

Í nýlegri grein eftir Hrefnu Friðriksdóttur og Hafðísi Gísladóttur, sem birtist í 2. töl. 11 árg. 2015 af ritinu Stjórnsmál og stjórnsýsla, er að finna niðurstöður úr rannsókn sem gerð var á ákvörðunum um skipan talsmanns hjá nokkrum barnaverndarnefndum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að almennt fari ekki fram raunverulegt mat á því hvort barn hafi þörf fyrir talsmann á fyrri stigum barnaverndarmáls. Þá var einungis 43% barna skipaður talsmaður í þeim tilvikum sem fyrirhugað var að vista barn utan heimilis. Er þetta mikið áhyggjuefni að mati umboðsmanns barna, enda ljóst að einhverjar barnaverndarnefndir uppfylla ekki lagaskyldur sínar að þessu leyti.

Umboðsmaður barna skorar á félags- og húsnæðismálaráðherra að beita sér fyrir því að skerpt verði á því í lögum að barnaverndarnefndum sé skylt að meta hvort barn hafi þörf fyrir talsmann, ekki einungis við upphaf máls heldur á öllum stigum þess. Þá er mikilvægt að tryggja að barnaverndarnefndir virði þá skyldu sína að tryggja börnum talsmann áður en stefnt er að því að vista þau utan heimilis, hvort sem það er gert með því að skýra löggjöfina enn frekar eða með því að herða eftirlit. Loks telur umboðsmaður barna brýnt að hlutverk talsmanns verði nánar skýrt í löggjöf.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Afrit: Barnaverndarstofa

Þá var sambærilegt bréf sent til allra barnaverndarnefnda. Barnaverndarstofa, sem fékk afrit af báðum bréfum,

sendi í kjölfarið sérstakt bréf til barnaverndarnefnda, þar sem sagði m.a.:

...

Brýnir Barnaverndarstofa það fyrir barnaverndarnefndum að taka sig á í þessum efnum. Í fyrsta lagi ber barnaverndarnefndum að taka afstöðu til þess um leið og ákvörðun hefur verið tekin um könnun hvort skipa eigi barni talsmann, sbr. 3. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Í öðru lagi er kveðið á um það með skýrum hætti að meginreglan sé að skipa eigi barni talsmann áður en ákvörðun um vistun utan heimilis er tekin, sbr. sama ákvæði laganna og í þriðja lagi er kveðið á um skyldu til þess að skipa barni talsmann ef vistunin er gegn vilja barns sem ekki er orðið 15 ára og forsjáraðilar samþykkja vistun, sbr. 3. mgr. 25. gr. barnaverndarlaga. Allar undantekningar frá slíkum meginreglum verður að skýra þröngt og slíkar ákvarðanir er nauðsynlegt að skrá ásamt forsendum þeirra inn í mál viðkomandi barns.

...

Umboðsmaður barna vonar að þessar ábendingar verði til þess að betur verði vandað til barnaverndarmála hvað varðar skipun talsmanna.

mgr. 76. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944. Þá eiga hagsmunir barna ávallt að hafa forgang þegar mótaðar eru reglur eða aðrar ákvarðanir teknar sem varða börn, sbr. 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013.

ÖRYGGI BARNA Í STRÆTÓFERÐUM


Umboðsmaður barna hefur lengi haft áhyggjur af öryggi barna í strætóferðum milli sveitarfélaga. Ljóst er að núgildandi lög gera ráð fyrir að fólk, þar á meðal börn, geti staðið í strætisvögnum, óháð hraða eða aðstæðum. Þá eru almennt ekki sætisbelti í slíkum vögnum.

12
ára sonur
minn ásamt 11 ára
stúlku þurftu að sitja í
tröppunum í strætó þar
sem engin sæti voru
laus. Er ekkert hægt
að gera í þessu?

Við akstur utan þéttbýlis tíðkast mun hraðari akstur og er meiri hætta þegar börn eru laus og jafnvel standandi í vögnum. Umboðsmaður telur brýnt að endurskoða lög, þannig að öryggi barna verði betur tryggt. Má í því sambandi minna á að börn eiga rétt á því að lög tryggi þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, sbr. 3.

Umboðsmaður barna fundaði með Samgöngustofu á árinu 2016 sem tók undir áhyggjur umboðsmanns barna. Stofan hefur lagt til að settar verði sérstakar reglur um notkun hópþreifreiða í undirflokki II og að notkun þeirra verði takmörkuð þannig að öryggi standandi farþega verði betur tryggt.

Umboðsmaður barna stefnir á að beita sér fyrir því að krafa verði gerð um öryggisbelti í hverju sæti í öllum hópþreifreiðum utan þéttbýlis og að skýrt verði tekið fram að börn megi ekki standa eða vera laus við slíkar aðstæður.



MÁLEFNI BARNNA Í LEIT AÐ ALÞJÓÐLEGGRI VERND

BÖRN Í LEIT AÐ ALÞJÓÐLEGGRI VERND

Fjöldi þeirra barna sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd hefur aukist verulega og er það sambærileg þróun og hefur átt sér stað víða í Evrópu. Mikilvægt er að tryggja þessum börnum þau réttindi sem þau eiga samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013.

Umboðsmaður barna hefur á undanförunum mánuðum sérstaklega kynnt sér málefni barna sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd. Hann hefur meðal annars fundað með Útlendingastofnun, Rauða krossinum og starfsfólki félagsþjónustunnar í Reykjanesbæ, Hafnarfjarðarbæ og Sandgerðisbæ auk Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Þá hefur umboðsmaður kynnt sér aðstöðu fyrir hælisleitendur í Bæjarhrauni í Hafnarfirði. Markmiðið var að kanna hvort hugað væri nægilega vel að réttindum og hagsmunum þessara barna hér á landi og var hafður til hliðsjónar gátlisti um málefni barna í leit að alþjóðlegri vernd frá tengslaneti umboðsmanna barna í Evrópu (ENOC).

Getur umboðsmaður barna beitt sér í máli móður sem hefur enn ekki fengið svar frá Útlendingastofnun vegna umsóknar um dvalarleyfi?

Ljóst er að það er mikill vilji hér á landi til þess að tryggja réttindi barna. Því miður virðist þó oft skorta upp á að réttindi barna sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd séu raunverulega virt í framkvæmd.

Sjálfstæður réttur barna

Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans eiga börn ávallt rétt á að tjá sig áður en teknar eru ákvarðanir sem varða þau og skal taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Enn fremur kemur fram í 3. gr. Barnasáttmálans að það sem er börnum fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn. Því miður virðist oft ekki nægilega vel hugað að þessum sjálfstæðu réttindum barna þegar þau koma til landsins með fjölskyldum sínum. Í fæstum málum fá börn tækifæri til þess að tjá sig áður en ákvörðunin er tekin og hefur verið sýnt fram á að þau upplifi sig oft „ósýnileg“ í ferlinu. Börn eru sérfræðingar í eigin lífi og getur þeirra upplifun og reynsla skipt miklu máli þegar metið er hvort ástæða sé til að veita fjölskyldu alþjóðlega vernd. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur itrekað bent á að ekki sé hægt að meta hvað sé barni raunverulega fyrir bestu nema barn hafi fengið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á eigin forsendum.

Af hverju skoðar Útlendingaeftirlitið ekki málefni barna?



Til þess að börn hafi raunveruleg tækifæri til þess að tjá sig og hafa áhrif í þessum málum er nauðsynlegt að þau hafi aðgang að upplýsingum sem henta aldri þeirra og þroska. Úttekt umboðsmanns barna bendir til þess að börn fái oft ekki nauðsynlegar upplýsingar við komu til landsins heldur eru foreldrum veittar allar upplýsingar og gert ráð að þeir komi þeim áfram til barnanna.

Menntun

Öll börn eiga rétt á menntun við hæfi, sbr. m.a. 28. gr. Barnasáttmálans. Mikilvægt er að tryggja börnum sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd skólavist eða aðra sambærilega menntun án tafar. Í framkvæmd eru dæmi um að börn á grunnskólaaldri þurfi að bíða í margar vikur eða jafnvel mánuði eftir því að komast í skóla. Ein helsta ástæðan fyrir þessari töf virðist vera sú að börn geta ekki hafið skólagöngu fyrr en að lokinni ítarlegri læknisskoðun. Dæmi eru um að börn þurfi að bíða eftir slíkri skoðun í allt að þrjá mánuði. Er því brýn þörf að stytta þennan biðtíma, þannig að börn geti byrjað í skóla sem fyrst eftir komu sína til landsins.

Hvaða reglur gilda um heilbrigðisþjónustu við barn ef foreldrar eru ekki sjúkra-tryggðir?

Umboðsmaður barna hefur einnig haft áhyggjur af því hversu lengi börn á aldrinum 16 til 18 ára þurfa að bíða eftir viðeigandi menntun eða starfsþjálfun, en börn

á þeim aldri eiga einnig rétt á menntun við hæfi, sbr. 32. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Leikur og tómstundir

Í þeim úrræðum sem hafa verið nýtt fyrir fjölskyldur í leit að alþjóðlegri vernd er því miður ekki alltaf að finna aðstöðu sem hentar börnum. Sérstaklega vantar leiksvæði fyrir börn, en leikur er afar mikilvægur þáttur í lífi barna og gefur þeim rými til að þroskast á sínum forsendum og fá útrás fyrir ímyndunarafli sitt. Þá getur leikur hjálpað þeim börnum að takast á við erfiðar aðstæður, áföll og aðra erfiðleika og haft jákvæð áhrif á þroska þeirra. Það er því nauðsynlegt að huga betur að aðstöðu barna sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd og hafa þar 31. gr. Barnasáttmálans að leiðarljósi, en þar kemur fram að aðildarríki skulu viðurkenna rétt barna til hvíldar, tómstunda og leikja.

Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Börn eiga rétt á að njóta besta mögulega heilsufars samkvæmt 24. gr. Barnasáttmálans. Hér á landi virðast börn sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd almennt fá góða heilbrigðisþjónustu. Þó er tannlæknaþjónusta almennt ekki nægilega vel tryggð. Þar að auki virðist sú læknisskoðun sem einstaklingum í leit að alþjóðlegri vernd er tryggð við komu þeirra til landsins einungis ná



til líkamlegra þátta en ekki andlegrar heilsu. Mikilvægt er að breyta þessu og skima einnig fyrir andlegum vanda-
málum, svo að börn og fjölskyldur þeirra fái viðeigandi
geðheilbrigðisþjónustu og aðstoð við að takast á við þau
áföll sem þau hafa í mörgum tilvikum orðið fyrir.

Fylgdarlaus börn

Brýnt er að huga sérstaklega vel að réttindum þeirra
barna sem koma til landsins án fjölskyldu sinnar. Ávallt
skal meta vafa um aldur einstaklings viðkomandi í hag,
en umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar um að
það hafi ekki alltaf verið gert í framkvæmd.

Niðurstaða án tafar

Komið hafa upp tilvik þar sem fjölskyldum er synjað um
alþjóðlega vernd, en ljóst er að börnin hafa
verið hér á landi í langan tíma og aðlagast
aðstæðum. Umboðsmaður barna telur
brýnt að stytta verulega málsmeð-
ferðartíma í málum hælisleitenda, en
markmiðið hefur verið að hann sé ekki
lengri en 90 dagar, en skort hefur upp á þá
framkvæmd. Ef málsmeðferðartíminn er lengri
telur umboðsmaður barna ríka ástæðu til þess að veita
fjölskyldum dvalarleyfi af manúðarástæðum, með hlið-

Er
eðlilegt að
börn innflytjenda
búi við einangrun í
sex mánuði og fái
ekki að stunda
nám í skóla?

sjón af því sem er börnunum fyrir bestu, sbr. fyrrnefnd 3.
gr. Barnasáttmálans.

Ný lög um útlendinga

Umboðsmaður barna hefur komið ofangreindum áhyggj-
um sínum á framfæri, meðal annars í umsögn sinni um
frumvarp til laga um útlendinga. Þá hafa umboðsmenn
barna á Norðurlöndum gefið frá sér sameiginlega yfir-
lýsingu þar sem skorað er á ríkisstjórnir Norðurlanda
að tryggja réttindi barna sem koma til landsins í leit af
alþjóðlegri vernd.

Ný lög um útlendinga hafa nú verið samþykkt á Alþingi en
þau taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2017. Í lögunum er að
finna ýmis jákvæð nýmæli og vonar umboðsmaður barna
að þær breytingar sem þar er að finna verði til þess að
réttindi og hagsmunir barna, sem koma til landsins í leit
að alþjóðlegri vernd, verði betur tryggð. Umboðsmaður
mun þó halda áfram að fylgjast með málaflokknum.



SAMEIGINLEG YFIRLÝSING VEGNA BARNNA SEM LEITA ALÞJÓÐLEGRAR VERNDAR

Mér ofbýður harkan sem hælisleitendum er sýnd. Er löglegt að vísa forsjárlausum börnum úr landi?

Á árinu komu fjölmörg börn til landsins í leit að alþjóðlegri vernd, annaðhvort ein eða með fjölskyldum sínum. Þann 22. nóvember 2016 gerðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Rauði krossinn, UNICEF á Íslandi og umboðsmaður barna sameiginlega yfirlýsingu vegna barna sem leita alþjóðlegrar verndar hér á landi. Stjórnvöldum á Íslandi ber að líta á málefni barna og barnafjölskyldna, sem leita alþjóðlegrar verndar eða sækja um dvalarleyfi af mannúðarástæðum, fyrst og



fremst út frá réttindum barnanna. Stjórnvöldum ber að taka allar sínar ákvarðanir er varða börn í slíkum aðstæðum með það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, er Íslandi skylt að virða og tryggja hverju barni innan sinnar lögsögu þau réttindi sem sáttmálinn kveður á um, án nokkurrar mismununar. Ekki má mismuna eftir þjóðerni, þjóðháttum eða félagslegri stöðu eða öðrum aðstæðum barna eða foreldra þeirra eða lögráðamanna.

Sömuleiðis er skylt að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá til þess að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra.

Barnasáttmálinn gildir um öll börn sem eru stödd á yfirráðasvæði Íslands. Líka þau börn sem hingað flýja, með eða án foreldra, sem og þau börn erlendra foreldra sem fæðast hér á landi og sækja um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi.

Stjórnvöld virði réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum

Til þess að stjórnvöld geti tekið ákvarðanir sem eru börnum fyrir bestu þurfa þau að veita og meta möguleg áhrif þeirra á líf barna í nútíð og framtíð, með hliðsjón af öðrum ákvæðum Barnasáttmálans, svo sem um rétt barna til að lifa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður. Þá er sérstaklega mikilvægt að veita börnum tækifæri til að tjá sig og taka tillit til sjónarmiða þeirra, í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Í 22. grein sáttmálans segir:

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að barn sem leitar eftir réttarstöðu sem flóttamaður, eða sem talið er flóttamaður samkvæmt viðeigandi reglum og starfsháttum þjóðaréttar eða landslaga, fái, hvort sem það er í fylgd foreldra eða annarra eða ekki, viðeigandi vernd. Sem og mannúðlega aðstoð við að nýta sér þau réttindi sem við eiga og kveðið er á um í samningi þessum og öðrum alþjóðlegum löggæringum á sviði mannréttinda- eða mannúðarmála sem ríki þau er um ræðir eiga aðild að.

Barnasáttmálinn hefur verið lögfestur hér á landi. Ber því stjórnvöldum að fylgja ákvæðum hans þegar teknar eru ákvarðanir um það hvort veita eigi barni eða barnafjölskyldum alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi hér á landi. Sama á við þegar teknar eru ákvarðanir um brottvísun barna og fjölskyldna þeirra úr landi og framkvæmd slíkra gerða. Of mörg dæmi eru um það hér á landi að réttindi barna í hælismeðferð séu virt að vettugi.

Í ljósi stöðu barna sem vísað er úr landi og nýrra útlendingalaga, sem taka gildi þann 1. janúar 2017, áréttum við ofantalin atriði og nauðsyn þess að vanda betur meðferð mála barna sem sótt hafa um alþjóðlega vernd hér á landi. Við skorum á stjórnvöld að virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum og taka allar ákvarðanir með hagsmuni barna að leiðarljósi.

BROTTVÍSUN HÆLISLEITENDA ÚR LANDI ÞAR SEM BÖRN EIGA Í HLUT

Umboðsmanni barna bárust á árinu ábendingar um brottvísun barna og fjölskyldna þeirra úr landi en ekki

virðist alltaf nægilega vel hugað að sjálfstæðum réttindum og hagsmunum barna við framkvæmd slíkra ákvarðana. Af því til efni sendi umboðsmaður barna eftirfarandi bréf til innanríkisráðuneytisins.

Getur umboðsmaður barna beitt sér með einhverjum hætti í máli hælisleitanda?

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. desember 2016
UB: 1612/4.1.2

Vísað er í bréf frá ráðuneytinu, dags. 6. desember sl. varðandi verklag þeirra stofnana sem koma að flutningi hælisleitenda úr landi í þeim tilvikum sem börn eiga í hlut.

Umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar um að ákvarðanir um brottvísun barna og fjölskyldna þeirra úr landi og framkvæmd slíkra ákvarðana miði ekki nægilega við hagsmuni þeirra barna sem eiga í hlut. Flest af þeim dæmum sem embættinu hafa borist hafa einnig ratað í fjölmiðla.

Bæði í núgildandi lögum um útlendinga og þeim lögum sem taka gildi nú um áramótin kemur fram að það sem er barni fyrir bestu skuli haft að leiðarljósi við ákvarðanir varðandi brottvísun. Er það í samræmi við þá grundvallarreglu barnaréttar, sem er meðal annars lögfest í 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013 og 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003, að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn.

Í 3. mgr. 21. gr. núgildandi laga og 102. gr. laga nr. 80/2016 er tekið fram að ekki skuli ákveða brottvísun ef hún felur í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart útlendingi eða nánustu aðstandanda hans. Þá er sérstaklega áréttað að taka skuli tillit til þess ef um barn eða nánasta aðstandanda barns er að ræða og að það sem er barni fyrir bestu skuli haft að leiðarljósi við ákvörðun. Að mati umboðsmanns barna eru þessi ákvæði fullnægjandi og gera þá kröfu að brottvísun fari ekki fram ef það er talið andstætt hagsmunum barnsins. Miðað við fyrri framkvæmd má þó ætla að full þörf sé á að útfæra ákvæðið nánar í reglugerð og taka skýrt fram að áður en brottvísun barns eða barnafjölskyldu er ákveðin þurfi að fara fram raunverulegt mat á því hvaða áhrif slíkt muni hafa á hagsmuni barns. Sérstaklega er brýnt að ganga úr skugga um að yfirvöld í því landi sem senda á börn til séu í stakk búin og reiðubúin til þess að veita börnunum og fjölskyldum þeirra þá þjónustu og vernd sem velferð þeirra krefst. Það getur aldrei talist réttlætanlegt að senda börn í ótryggar aðstæður.

Í þeim tilvikum sem metið er að brottvísun sé ekki talin andstæð hagsmunum barns þarf jafnframt að gæta þess að framkvæmd hennar sé í samræmi við hagsmuni barnsins. Í þeim lögum sem taka gildi um áramótin er tekið fram að lögregla og Útlendingastofnun annist ákvörðun um brottvísun og að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um eftirlit með framkvæmd þeirra. Umboðsmaður barna telur fulla ástæðu til að útfæra nánar reglur um framkvæmdina í reglugerð. Má í því sambandi hafa hliðsjón af þeim reglum sem gilda um framkvæmd aðfarargerða í málum sem varða forsjá og umgengni, sbr. 3. mgr. 45. gr. barnalaga. Er þar meðal annars gerð sú krafa að fulltrúi barnaverndarnefndar sé viðstaddur gerðina til þess að gæta hagsmuna barns. Þá er tekið fram að lögreglumenn skuli vera óeinkennisklæddir. Loks er skýrt að heimilt sé að stöðva gerðina ef talin er hætt á að barn hljóti skaða af framhaldi hennar.

Að lokum má benda á að umboðsmaður barna hefur haft áhyggjur af því að sjálfstæður réttur barna sé ekki nægilega virtur í málum sem varða umsókn barnafjölskyldna um alþjóðlega vernd. Í fæstum málum virðast börn fá tækifæri til að tjá sig áður en ákvörðun er tekin og þau upplifa sig oft „ósýnileg“ í ferlinu. Í frétt á vef umboðsmanns barna, dags. 24. ágúst sl., má lesa nánar um þetta og önnur áhyggjuefni umboðsmanns barna af þessum málum.

Virðingarfyllt,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

HAGSMUNIR OG SJÓNARMÍÐ BARNNA

15 ára stúlka:
Má pabbi minn
taka síma og tölvu
af mér ef ég keypti það
fyrir mína peninga?

Geta
foreldrar
bannað mér
að tala við
kærastann
mínn?

Þegar ákvarðanir eru teknar sem varða börn ber ávallt að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og gefa börnum tækifæri til þess að tjá sig og hafa áhrif, sbr. 3. og 12. gr.

Barnasáttmálans. Því miður eru þessi réttindi oft ekki virt af stjórnvöldum hér á landi. Umboðsmaður barna taldi

Hafa
16 ára
unglingar ekkert um
það að segja hjá hvoru
foreldrinu þeir búa, þ.e.
hvar þeir eru skráðir
til heimilis í
Þjóðskrá?

Því ástæðu til þess að minna stjórnvöld á þessi grundvallar-réttindi sáttmálans. Þann 21. desember 2016 sendi hann því eftirfarandi bréf til allra ráðuneyta með þeim skilaboðum að áframsenda bréfið til undirstofnana, starfsfólks og annarra sem málið varðar.

Hef ég
ekki rétt á
að fá meðlag og
barnabætur ef ég bý
ekki hjá foreldrum
mínum?

Til ráðuneyta – vinsamlegast áframsendið til undirstofnana, starfsfólks og annarra sem málið varða

Efni: Hagsmunir og sjónarmið barna

Íslenska ríkið hefur verið skuldbundið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálanum eins og hann er oftast kallaður, síðan árið 1992. Árið 2013 var sáttmálinn auk þess lögfestur í heild sinni hér á landi, sbr. lög nr. 19/2013. Í sáttmálanum er að finna fjölmörg réttindi sem skylt er að tryggja börnum, án mismununar af nokkru tagi.

Í 3. og 12. gr. Barnasáttmálans er að finna tvær grundvallarreglur hans. Þær fela ekki einungis í sér efnisreglur sem veita börnum sjálfstæð réttindi, heldur teljast þær einnig meginreglur sem hafa áhrif á túlkun annarra réttinda samkvæmt sáttmálanum. Þar að auki fela þessi ákvæði í sér málsmeðferðarreglur, sem opinberum aðilum er skylt að fylgja áður en þeir taka ákvarðanir eða gera aðrar ráðstafanir sem varða börn. Því miður er það afar misjafnt í framkvæmd hvort og þá að hvaða leyti hugað er að þessum reglum. Með þessu bréfi vill umboðsmaður barna því minna á inntak þessara reglna og þær skyldur sem þær fela í sér.

Það sem er barni fyrir bestu

Í 1. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans kemur fram að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Þessi regla er einnig sérstaklega áréttuð í 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003, en þar segir að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða málefni þess.

Það hvað er börnum fyrir bestu er vissulega matskennt og þarf því að meta það sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem ber ábyrgð á túlkun Barnasáttmálans, hefur með almennri athugasemd sinni nr. 14 veitt nánari leiðbeiningar um inntak reglunnar og þær skyldur sem hún leggur á ríkið. Nefndin leggur meðal annars áherslu á að við alla ákvörðunartöku sem varðar börn skuli fara fram sérstök greining og mat á því hvaða áhrif umrædd ákvörðun mun hafa á hagsmuni og réttindi barna (e. Child impact assessment). Þannig er betur hægt að tryggja að sú ákvörðun sé tekin í sem bestu samræmi við hagsmuni barna.

Í framkvæmd hér á landi virðast ákvarðanir sem hafa áhrif á líf barna oftast en ekki teknar án þess að raunverulega sé metið hvort þær séu í samræmi við hagsmuni barna. Á það ekki síst við þegar verið er að taka ákvarðanir sem við fyrstu sýn virðast ekki varða börn sérstaklega, en hafa engu að síður umfangsmikil áhrif á hagsmuni og velferð þeirra. Á þetta til dæmis við um skipulagsmál, ráðstöfun opinberra fjármuna, málefni innflytjenda og hælisleitenda, umhverfismál, öryggismál o.s.frv. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að opinberir aðilar fylgi lögum, framkvæmi mat á hagsmunum barna og taki ákvarðanir sem eru í samræmi við bestu hagsmuni og réttindi barna.

Réttur barna til að hafa áhrif

Barnaréttarnefndin hefur ítrekað bent á að ekki sé hægt að meta hvað sé börnum fyrir bestu án þess að hlusta á skoðanir og reynslu barnanna sjálfra. Réttur barna til þess að hafa áhrif er tryggður í 1. mgr. 12. gr. Barnasáttmálans, en þar kemur fram að tryggja skuli barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varðar, og tekið skuli tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Í 2. mgr. er þessi réttur sérstaklega áréttuð þegar kemur að málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi. Þessi réttur barna er einnig tryggður í 3. mgr. 1. gr. barnalaga. Nánar er fjallað um inntak 12. gr. Barnasáttmálans í almenntri athugasemd Barnaréttarnefndarinnar nr. 12.

Af fyrrnefndri reglu er ljóst að það er ávallt skylt að gefa börnum tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri áður en teknar eru ákvarðanir sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Þá ber að taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur og þroska. Barnaréttarnefndin hefur lagt áherslu á að mat fullorðinna á því hvað sé barni fyrir bestu eigi ekki að duga til þess að takmarka þennan rétt. Er því ekki rétt að ætla að hlífa börnum með því að veita þeim ekki tækifæri til þess að tjá sig. Þvert á móti er skylt að upplýsa börn sérstaklega um þennan rétt og tryggja barnvænlegar aðstæður og aðferðir, þannig að börn geti tjáð sig á eigin forsendum.

Þegar teknar eru ákvarðanir sem varða hóp barna eða börn almennt hjá stjórnvöldum á vegum ríkisins virðist sjaldnast leitað eftir sjónarmiðum barna. Á það við jafnvel þegar um er að ræða ákvarðanir sem eru til þess fallnar að hafa mikil áhrif á daglegt líf þeirra. Þó má benda á nýstofnað ungmennaráð Menntamálastofnunar, sem er ætlað að vera stofnuninni innan handar með ráðgjöf um málefni og verkefni stofnunarinnar sem varða börn. Þetta frumkvæði er til fyrirmyndar að mati umboðsmanns barna og vonar hann að ráðuneytin og aðrar stofnanir taki þetta til fyrirmyndar. Það er brýnt að opinberir aðilar virði réttindi barna og hafi samráð við þau áður en teknar eru ákvarðanir sem varða hagsmuni þeirra.

Virðum réttindi barna

Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varða börn. Þekking á inntaki sáttmálans er grundvallarforsenda þess að réttindi barna séu virt í framkvæmd. Umboðsmaður barna hvetur stjórnvöld til þess að fræða starfsfólk um inntak sáttmálans og þá ekki síst fyrrnefndar grundvallarreglur um það sem er barninu fyrir bestu og rétt barna til að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif.

Upplýsingar um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ýmislegt kynningarefni má nálgast á vef umboðsmanns barna, www.barn.is. Ef frekari upplýsinga eða fræðslu er óskað er velkomið að hafa samband með því að senda tölvupóst á ub@barn.is eða hringja í síma 552-8999.

Kær kveðja,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna



HEILBRIGÐISMÁL

GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN ÓVIÐUNANDI

Hvaða reglur gilda um tilkynningaskyldu sálfræðings vegna ofbeldis sem 16 ára barn verður fyrir?

Hvaða reglur gilda um aðgang að sálfræðiþjónustu fyrir börn?

Umboðsmaður barna hefur lengi haft áhyggjur af því að geðheilbrigðisþjónusta við börn hér á landi séu algjörlega óviðunandi og eru þær áhyggjur staðfestar í nýlegri úttekt Ríkisendurskoðunar.

Þar kom fram að börn þurfa að bíða í allt að eitt og hálf ár eftir nauðsynlegri geðheilbrigðisþjónustu, en slíkt felur í sér alvarlegt brot á grundvallarmannréttindum barna og getur haft veruleg neikvæð áhrif á velferð þeirra til lengri tíma. Umboðsmaður barna tók undir með Ríkisendurskoðun, að brýnt væri að taka á markvissan hátt á geðheilsuvanda barna um leið og hans verður vart með því að takmarka biðtíma barna eins og hægt er. Er því mikilvægt að skilgreina og innleiða hlutlæg viðmið um biðtíma barna sem þarfnast geðheilbrigðisþjónustu.

Er þriggja ára barn of ungt til að fara til sálfræðings vegna skilnaðar foreldra?

Umboðsmaður barna, ýmis frjáls félagasamtök og ungmennaráð hafa ítrekað bent á þörfina á úrbótum þegar kemur að geðheilbrigðismálum barna. Þá lýsti Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna yfir áhyggjum sínum af löngum biðlistum

eftir greiningu og meðferð hér á landi í lokaathugasemdum sínum um framkvæmd Barnasáttmálans á Íslandi árið 2011.

Á umgengnisforeldri ekki rétt á upplýsingum um sálfræðigreiningu á barni sínu?


Hver er réttur barns til að fá lyf án samþykkis foreldra? 15 ára drengur fékk þunglyndislyf án samþykkis móður.

Umboðsmaður barna skoraði á löggjafann og stjórnvöld að taka athugasemdir Ríkisendurskoðunar alvarlega og vinna markvisst að því að bæta geðheilbrigðisþjónustu við börn. Samkvæmt 24. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, er það lögbundin skylda ríkisins að sjá til þess að öll börn njóti besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja.

Umboðsmaður barna hefur margoft bent á að opinberum aðilum er skylt að setja hagsmuni barna í forgang, sbr. meðal annars 3. gr. Barnasáttmálans, og tryggja öllum börnum þá þjónustu sem þau eiga rétt á. Aðstæður í ríkisfjármálum geta ekki réttlætt brot á grundvallarmannréttindum barna. Það hefur umtalsverðan kostnað í för með sér til lengri tíma litið að veita börnum ekki þá þjónustu sem þau eiga rétt á, fyrir utan þá þjáningu sem það hefur í för með sér fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Er því ljóst að það skilar sér margfalt til baka að fjárfesta í geðheilbrigði barna og ungmenna.

Eiga forsjárlausir foreldrar rétt á að fá aðgang að gagnagrunni sjúkratrygginga?





FÓSTUREYÐINGAR OG GETNAÐARVARNIR

Á árinu hófst heildarendurskoðun laga um fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975. Af því tilefni sendi umboðsmaður barna umsögn til heilbrigðisráðuneytisins, þar sem hann vakti athygli á því að samkvæmt 3. tl. 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir því að foreldrar taki þátt í umsókn um fóstureyðingu með stúlkum undir 16 ára aldri, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Hægt er að túlka umrætt ákvæði þannig að foreldrar þurfi almennt að samþykkja fóstureyðingar hjá stúlkum undir 16 ára aldri. Börn eiga sjálfstæðan rétt til friðhelgi einkalífs og eiga að fá stigvaxandi rétt til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir um eigið líf og líkama. Það samræmist illa þessum réttindum að foreldrar geti komið í veg fyrir fóstureyðingu hjá ungri stúlkunni og þannig ákveðið fyrir hennar hönd að hún eigi að ganga með og eignast barn. Lagði umboðsmaður barna því til

Á dóttir mín rétt á heilbrigðisþjónustu ef hún er ekki með kennitölu á Íslandi?
Hvaða reglur gilda um aðgang foreldra að upplýsingum um börn í heilsugátt?

að umrætt ákvæði yrði endurskoðað, að skýrt yrði tekið fram að stúlkur á öllum aldri eigi sjálfsákvörðunar- rétt um það hvort þær kjósi að fara í fóstureyðingu eða ekki.

Haustið 2016 var umboðsmaður barna síðan boðaður á fund nefndar sem vinnur að endurskoðun laganna. Á fundinum var rætt um sjálfsákvörðunar- rétt barna og mikilvægi þess að stúlkur eigi ávallt lokaorðið um það hvort þær fari í fóstureyðingu eða ekki. Á fundinum nýtti umboðsmaður einnig tækifærið til að ræða þá óvissu sem hefur ríkt um aðgang stúlkna að hormónatengdum getnaðarvörnum, svo sem pillunni. Skiptar skoðanir hafa verið við hvaða aldur skuli miða í ákvörðunartöku að stúlkur geta fengið lyfseðil fyrir slíkum getnaðarvörnum, án aðkomu foreldra. Umboðsmaður telur mikilvægt að eyða réttaróvissu um þetta málefni og setja skýrt lagaákvæði um það við hvaða aldur börn geti fengið ávísað hormónatengdum getnaðarvörnum án samþykkis foreldra.

Má framkvæma lyfjapróf á 16 ára barni gegn vilja þess?



SKÓLAMÁL

NIÐURSKURÐUR Á EKKI AÐ BITNA Á BÖRNUM

Umboðsmaður barna hefur verulegar áhyggjur af því hvaða áhrif niðurskurður sveitarfélaga hefur á börn og þeirra velferð. Umboðsmaður sendi því bréf í dag til sveitarstjóra, sveitarstjórnarmanna og nefndamanna í skólanefndum eða þeim nefndum sveitarfélaganna sem

Hvað á leikskóli að gera ef líkur eru á því að húsnæðisþörf geti skaðað heilsu barna?

sinna skólamálu til að minna á skyldu sveitarfélaga að setja hagsmuni barna ávallt í forgang.

Bréfið var svohljóðandi:

Hvaða reglur gilda um fjárhagsstuðning við grunnskóla vegna barna með sérþarfir?

Er hægt að banna barni að koma í leikskólann ef foreldrar skulda leikskólalagjöld?

Er það ekki óréttlæti og jafnvel brot á mannréttindum barns sem þarf að vera í skólanum á meðan önnur börn fara í skólaferðalag vegna þess að foreldri getur ekki greitt fyrir ferðalagjöld?

Til sveitarstjóra, sveitarstjórnarmanna og nefndarmanna í skólanefndum

Reykjavík, 4. febrúar 2016

Vegna þess niðurskurðar sem nú er fyrirhugaður hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar vill umboðsmaður barna minna sveitarfélög á þá skyldu sína að setja hagsmuni barna í forgang. Umboðsmaður barna hefur áður sent áskorun til sveitarfélaga um að hlífa börnum við niðurskurði, til dæmis í bréfum dags. 2. og 21. mars 2011.

Samkvæmt 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem hefur verið lögfestur hér á landi, sbr. lög nr. 19/2013, er sveitarfélögum skylt að setja hagsmuni barna í forgang við allar ákvarðanir sem varða börn með einum eða öðrum hætti. Af þessu leiðir meðal annars að sveitarfélögum ber að leita annarra leiða við niðurskurð áður en þjónusta við börn er skert. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem hefur eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans, hefur bent á að áður en opinberir aðilar taka ákvarðanir sem varða börn, þar á meðal ákvarðanir um hagræðingu eða niðurskurð, ber þeim að greina og meta hvort og þá hvaða áhrif þær muni hafa á hagsmuni og réttindi barna (e. Child impact assessment). Þannig er hægt að tryggja að ákvarðanir séu betur í samræmi við það sem er börnum fyrir bestu, og að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra, í samræmi við réttindi þeirra samkvæmt Barnasáttmálanum.

Það eru grundvallarréttindi allra barna að fá menntun við hæfi. Mikilvægt er að tryggja að öll börn hafi sömu tækifæri til menntunar og hafi jafnan aðgang að frístundastarfi. Niðurskurður á sviði leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs, svo sem hækkun á gjaldskrá og skerðing á þjónustu, getur haft verulega neikvæð áhrif á daglegt líf barna og ýtt undir það félagslega misrétti sem börn búa óneitanlega við.

Umboðsmaður barna hefur itrekað bent á að fjárhagslegar ástæður réttlæti ekki afturför þegar kemur að mannréttindum barna. Þurfa sveitarfélög því að fara sérstaklega varlega þegar kemur að hagræðingu á sviði skóla- og frístundamála eða annarra sviða sem eru mikilvæg börnum. Brýnt er að gæta þess að hagsmunir barna séu settir í forgang.

Umboðsmaður barna hvetur sveitarfélög til að ígrunda vel hvaða áhrif ákvarðanir um hagræðingu muni hafa til lengri tíma lítið. Reynslan sýnir að niðurskurður á sviði mennta- og frístundamála geti haft verulega neikvæðar afleiðingar í för með sér, ekki síst fyrir börn sem standa að einhverju leyti höllum fæti. Þannig getur skert þjónusta með tímanum t.d. leitt til aukinna námserfiðleika og félagslegra vandamála.

Umboðsmaður barna skorar á sveitarfélög að virða Barnasáttmálann í störfum sínum og láta hagsmuni barna ganga framar hugsanlegum fjárhagslegum hagsmunum sveitarfélaga.

Með kærri kveðju,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna



NÁMSGÖGN Á TÁKNMÁLI

Hvað get ég gert í því ef kennari er alltaf að koma við mig í tímum og það virðist ekki virka að biðja hann um að hætta?

Á árinu fundaði umboðsmaður barna með Félagi heyrnarlausra og ræddi ýmis mál sem varða réttindi heyrnarlausra og heyrnarskertra barna. Meðal þess sem rætt var um var réttur barna til menntunar og takmarkað aðgengi heyrnarlausra barna

að námsefni við hæfi. Eftir fundinn sendi umboðsmaður mennta- og menningarmálaráðherra og Menntamálastofnun bréf þar sem óskað var eftir upplýsingum um aðgang heyrnarlausra og heyrnarskertra barna að námsgögnum á táknmáli í grunnskólum hér á landi.

16 ára stúlka: Hvað má framhaldsskóli vera lengi á daginn?

Er eitthvað hægt að gera þegar barn þarfnast sérkennslu í skóla en fær hana ekki?

Bréfið var svohljóðandi:
Mennta- og menningarmálaráðherra
Menntamálastofnun

Reykjavík, 12. ágúst 2016
UB:1608/6.2.4

Efni: Námsgögn á íslensku táknmáli

Íslenskt táknmál er fyrsta mál heyrnarlausra barna, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Er því mikilvægt að tryggja að umrædd börn hafi aðgang að námsgögnum á táknmáli og er það í raun forsenda þess að þau geti staðið jafnfætis öðrum börnum í námi. Má í því sambandi minna á að samkvæmt 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 eiga allir nemendur rétt á því að komið sé til móts við námsparfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar. Þá er í 2. mgr. 24. gr. laganna sérstaklega áréttað að við gerð og val námsgagna skuli þess gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms.

Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar um að heyrnarlaus og heyrnarskert börn í grunnskólum hér á landi hafi almennt ekki aðgang að námsgögnum á íslensku táknmáli. Óskað er eftir upplýsingum um stöðu þessara mála og hvort fyrirhugað sé að útbúa námsgögn við hæfi fyrir þessi börn.

Rétt er að taka fram að umboðsmaður barna starfar eftir lögum nr. 83/1994, en samkvæmt 5. gr. þeirra laga er stjórnvöldum skylt að veita honum allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Ef frekari upplýsinga er óskað er hægt að senda tölvupóst á netfangið ub@barn.is eða hringja í síma 552-8999.

Virðingarfyllt,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna



GJALDFRJÁLS GRUNNMENTUN

Má ég kæra skólann fyrir ójafnrétti á milli kynja og fyrir að neyta okkur um kennslu?

Nokkur umræða átti sér stað á árinu um gjaldfrjálsa grunnmenntun barna. Umboðsmaður barna tók þátt í þessari umræðu, m.a. á vettvangi Velferðarvaktarinnar.

Má kennari í framhaldsskóla banna nemendum að fara á klósettíð í kennslustundum?

Í ágúst 2016 sendi Velferðarvaktin hvatningabréf til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa og skólastjóra um að leggja af kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna eða halda honum í algjöru lágmarki. Samkvæmt

Hver ber ábyrgð á skólagjöldum í framhaldsskóla og kostnaði við bókakaup hjá börnum undir 18 ára?

Er námsmat í skólum sanngjarnt?

Barnasáttmálanum, sem er nú hluti af íslenski löggjöf, eiga börn rétt á ókeypis grunnmenntun og því samræmist kostnaðarþátttaka foreldra vegna grunnmenntunar barna þeirra hvorki honum né grunnskólalögum.

Hvert er hægt að snúa sér vegna aðgerðarleysis skóla við einelti?

Hvatningabréf Velferðarvaktarinnar má lesa í heild sinni hér fyrir neðan:



Reykjavík, 9. ágúst 2016

Hvatning Velferðarvaktarinnar til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa og skólastjóra, um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda honum í lágmarki.

Velferðarvaktinni er m.a. falið samkvæmt skipunarbréfi að „...huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“.

Velferðarvaktin hefur í gegnum tíðina komið opinberlega á framfæri ábendingum um að sveitarstjórnir leggi áherslu á að halda kostnaði heimila vegna skólasóknar barna í lágmarki í þeim tilgangi að koma til móts við þá sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Á þann hátt komi bágur efnahagur heimilisins síður niður á námi og lífi barna.

Í þessu sambandi hafa svokallaðir „innkaupalistar“, sem börn fá í grunnskólanum að hausti, verið sérstaklega til umræðu, en kostnaður vegna námsgagna getur verið umtalsverður.

Síðastliðið haust sendi Velferðarvaktin stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga erindi í tilefni þess að stjórn sambandsins tók til umræðu „fyrirkomulag fjáruhláta foreldra vegna kaupa á námsgögnum barna í grunnskóla og fyrirkomulag skólamáltíða“. Sambandið brást við með því að halda vinnufundi með fulltrúum Velferðarvaktarinnar og gera úttekt á kostnaði foreldra, m.a. vegna ritfanga. Í framhaldinu sendi sambandið út ábendingu til skólanefnda og skólaskrifstofa um kostnað vegna námsgagna (sjá fylgiskjal). Þar sem þeim tilmælum er beint til þeirra að kanna framkvæmd þessara mála í sínu sveitarfélagi.

Í úttekt sambandsins sem kynnt var fyrir Velferðarvaktinni, þann 17. maí s.l., kemur fram að skólar gera mjög mismunandi kröfur um hvaða gögn nemendum ber að koma með í skólann. Er þar um að ræða upphæðir allt frá 400 kr. til 22.300 kr. Kostnaður er því mjög mismunandi milli sveitarfélaga og jafnvel milli skóla í sama sveitarfélagi.

Velferðarvaktinni er kunnugt um að ákveðin sveitarfélög, t.d. Ísafjarðarbær og Borgarfjörður eystri, útvegi nemendum ritföng þeim að kostnaðarlausu og Sandgerðisbær tekur einnig upp slíkt fyrirkomulag á skólaárinu sem hefst nú bráðlega.

Bent skal á að samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var hér á landi þann 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf, eiga börn rétt á ókeypis grunntenntun. Þar segir m.a. í 28. gr. „Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum: a) Koma á skyldu til grunntenntunar sem allir geti notið ókeypis.“ Einnig skal bent á að skv. 31 gr. grunnskólalaga skal skyldunám vera veitt að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu. Þar er einnig lagatexti sem stuðst hefur verið við varðandi kostnaðarþátttöku foreldra: „Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.“

Velferðarvaktin telur að kostnaðarþátttaka foreldra vegna ritfanga og annarra gagna vegna skólagöngu barna, upp á tugi þúsunda króna, samrýmist hvorki anda Barnasáttmálans né grunnskólalaganna.


Af þeim sökum hvetur Velferðarvaktin öll sveitarfélög landsins til að leggja slíka kostnaðarþátttöku af eða halda henni í algjöru lágmarki.

Siv Friðleifsdóttir,
formaður Velferðarvaktarinnar

Fylgiskjal: Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga „-Ábending til skólanefnda um kostnað vegna námsgagna-“ til skólanefnda og skólaskrifstofa frá 3. maí 2016.

Velferðarvaktin er óháður álitsgjafi sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunaaðila.

Nánar verður fjallað um Velferðarvaktina í kaflanum um samstarf.



MYNDBÖND UM NEMENDAFÉLÖG OG SKÓLARÁÐ

Eitt af hlutverkum grunnskólans er að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Börn eiga að fá tækifæri til þess að taka virkan þátt í skólanum og hafa áhrif á mál sem varða þau. Hinar formlegu leiðir

Ef barn brýtur af sér í skóla og er rekið úr einu fagi, á ekki að koma fram að það hafi andmælarétt eða að ákvörðunin sé kæránleg?

Má kennari segja: „Ef þú hlýðir mér ekki gef ég þér fjarvist í tíma?“

nemenda til að hafa áhrif á skólastarfið eru annars vegar í gegnum fulltrúa sína í skólaráði og hins vegar í gegnum nemendafélög. Afar misjafnt er hversu virk þessi ráð eru í grunnskólum landsins og hversu vel börn og fullorðnir þekkja störf

þeirra. Umboðsmaður barna, SAMFOK og Heimili og skóli tóku því ákvörðun um að gefa út myndbönd um skólaráð og nemendafélög í grunnskólum. Myndböndin eru fyrst og fremst hugsuð til fræðslu fyrir aðila skólasamfélagsins og allra þeirra sem koma að starfi og rekstri grunnskólanna. Um er að ræða hreyfimyndir sem fræða áhorfandann um helsta hlutverk og ábyrgð þeirra sem sitja í skólaráði og stjórn-

Má kennari láta börn hreinsa klaka af sparkvelli án þess að fá samþykki þeirra?

Getur grunnskóli sett bann við húfunotkun nemenda innandyra?

Má maður fara ef kennari er ekki mættur þegar korter er búið af tímanum?

um nemendafélaga. Við gerð þeirra var litið til ákvæða grunnskólalaga sem gilda um nemendafélög, laga og reglugerðar um skólaráð og síðast en ekki síst Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Myndböndin voru unnin í samvinnu við hreyfimyndagerðina FREYJU og frumsýnd í Breiðholtsskóla þann 5. október 2016.

NOTKUN NEMENDA Á EIGIN SNJALLTÆKJUM Í GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLUM

Má banna síma í ferðalögum á vegum íþróttafélaga hjá 13 ára börnum?

Umboðsmanni barna berast reglulega erindi sem varða notkun nemenda á snjalltækjum í grunn- og framhaldsskólum. Erindin eru bæði frá nemendum og kennurum og eru skiptar skoðanir á því hvernig bregðast eigi við slíkri notkun. Á árinu fundaði umboðsmaður

barna með mennta- og menningarmálaráðherra til þess að ræða þessi mál nánar og í kjölfarið var sent sameiginlegt bréf til allra grunn- og framhaldsskóla og ýmissa hagsmunaaðila vegna notkunar

nemenda á eigin snjalltækjum í skólum.

Getur verið að þegar börn eru með snjallúr í skólanum þá geti það brotið friðhelgi einkalífsins hjá öðrum börnum í bekknum?

Má kennari taka síma af nemendum og geyma hann á skrifstofunni sinni?



Notkun nemenda á eigin snjalltækjum í grunn- og framhaldsskólum

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur hér á landi árið 2013 og markaði það mikil tímamót í baráttunni fyrir réttindum barna, þar sem sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna og tryggir hann öllum börnum upp að 18 ára aldri sérstaka vernd, umönnun og rétt til þátttöku.

Samkvæmt lögum um grunn- og framhaldsskóla, reglugerðum við lögina og aðalnámskrá skal starfsfólk ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja þeim menntun, öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar og náð árangri í námi. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni. Hver grunn- og framhaldsskóli setur sér skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum á reglunum og úrræði og viðbrögð skóla eiga að vera í samræmi við réttindi nemenda og eiga að stuðla að jákvæðri hegðun og miða að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

Í gildandi reglugerðum um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunn- og framhaldsskólum er m.a. kveðið á um að nemendum beri að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla. Þeir eigi að fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og samnemendur og beri ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni og samskiptum við samnemendur og starfsfólk skóla, þ.m.t. snjallsímum, rafrænum samskiptum og netnotkun og skulu sýna nærgætni og gæta virðingar í allri framkomu sinni. Vakin er athygli á að 2015 voru útbúin, í samráði við aðila skólasamfélagsins, almenn viðmið um skólareglur. M.a. um að í skólareglum skuli setja ákvæði um notkun á rafeindatækjum sem skólinn á og tækjum sem nemendur koma með í skólann og um mynd- og hljóðupptökur á skólatíma og birtingu þeirra. Þessi viðmið má finna á upplýsingavef Sambands íslenskra sveitarfélaga og eru grunn- og framhaldsskólar hvattir til að nýta sér þau. <http://samband.is/verkefningin/skolamal/grunnskoli/leidbeiningar-og-verklagsreglur/>

Mennta- og menningarmálaráðherra og umboðsmaður barna hvetja alla grunn- og framhaldsskóla til að setja í samráði við aðila skólasamfélagsins skýrar reglur um notkun snjalltækja í skólastarfi og skýr viðurlög við brotum á þeim í samræmi við anda Barnasáttmálans og þess regluverks og markmiða sem skólar vinna eftir hér á landi.

Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra

Margrét María Sigurðardóttir
umboðsmaður barna



BÖRN OG MÓTMÆLI

Í ljósi þeirra mótmæla sem áttu sér stað á árinu 2016 í samfélaginu og reynslunnar frá Búsáhaldaþýlingunni taldi umboðsmaður barna rétt að minna á að börn eru viðkvæmur þjóðfélagshópur sem þarf á sérstakri vernd að halda.

Þegar metið er hvort rétt sé að börn séu höfð með í mót-mælum þarf að huga að aðstæðum hverju sinni sem og aldri, þroska og vilja barnsins. Ávallt þarf að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og gæta þess að velferð þeirra sé tryggð.

Sú staða getur að sjálfsögðu komið upp að eldri börn vilji sjálf mótmæla. Í því sambandi vill umboðsmaður barna minna á mikilvægi þess að veita börnum tækifæri til að láta skoðanir sínar frjállega í ljós og að tekið sé réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska, sbr. 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Auk þess njóta börn sama tjáningarfrelsis og fullorðnir.

Fyrir foreldra og aðra sem hyggjast taka börn með til að mótmæla vill umboðsmaður koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

- Aldrei ber að nota börn til þess að koma skoðunum annarra á framfæri. Þau eiga rétt á sínum eigin skoðunum og að tjá þær.
- Réttur barna til verndar á að ganga framar rétti foreldra þeirra til að taka þátt í mót-mælum. Erfitt er að meta hvenær friðsamleg mót-mæli geta breyst í hættulegar aðstæður.
- Eyru barna eru viðkvæmari fyrir heyrnarskemmdum af völdum hávaða en hinna fullorðnu.
- Mikilvægt er að valda börnum ekki óþarfa áhyggjum og streitu. Reynum að hlífa börnum fyrir ringulreið og reiði. Æskilegt er að foreldrar ræði við börn um það sem er að gerast á yfirvegaðan hátt. Börn læra það sem fyrir þeim er haft.
- Börn eiga rétt á upplýsingum um ástand mála, t.d. frá fjölmiðlum ef það hentar aldri þeirra og þroska. Það er á ábyrgð hinna fullorðnu að skapa börnum öryggi og trú á framtíðina.



FJÖLMIÐLAR

MYNDBIRTING Í FJÖLMIÐLUM

Á árinu 2016 birtu nokkrir fjölmiðlar myndband sem sýndi líkamsárás gegn barni. Ljóst er að um er að ræða alvarlegt mál, þar sem börn eiga í hlut. Þó að andlit barnanna hafi verið hulið má ætla að auðvelt geti verið að þekkja þau. Umboðsmaður barna gagnrýndi umrædda myndbirtingu og skoraði á fjölmiðla að fjarlægja myndbandið af vefsíðum sínum. Umrætt mál virðist vera í réttum farvegi hjá lögreglu og barnavernd.

Er viðeigandi að birta fréttir af ástarlífi barna í fjölmiðlum?

Er aðilum sem bjóða upp á myndefni í sjónvarpi ekki skylt að aldursmerkja efnið?

Umboðsmaður barna vill minna á að öll börn eiga rétt á sérstakri vernd, óháð því hvort þau hafa brotið af sér eða ekki. Er því brýnt að fjölmiðlar sýni nærgætni og vandi vel til verka þegar þeir fjalla um málefni sem varða börn með einum eða öðrum hætti.

Fjölmiðlar eiga sjálfir að meta hvort myndbirting eða umfjöllun um einstök börn eða málefni þeirra sé í samræmi við hagsmuni barnanna. Að mati umboðsmanns barna dugar samþykki foreldra eitt og sér ekki sem réttlætning fyrir birtingu.

Þegar börn verða fyrir ofbeldi eða annars konar brotum er sérstaklega brýnt að veita þeim viðeigandi stuðning og aðstoð. Á sama tíma er mikilvægt að brugðist sé við hegðun þeirra barna sem brjóta af sér með uppbyggilegum hætti, að það efli sjálfsmynd þeirra og draga úr líkunum á því að þau brjóti af sér aftur.

Á vef umboðsmanns barna er almenn umfjöllun um fjölmiðla og þær reglur sem um þá gilda.

UMFJÖLLUN UM BÖRN

Umboðsmaður barna fær reglulega ábendingar vegna umfjöllunar um börn í fjölmiðlum. Hann sendi tölvubríf til nokkurra fjölmiðla þar sem bent er á þau sjónarmið og ákvæði laga sem mikilvægt er að hafa í huga þegar fjölmiðlar fjalla um einstök börn eða málefni þeirra. Í bréfinu er einnig óskað eftir upplýsingum um starfsreglur eða viðmið þeirra varðandi umfjöllun um börn.

Hvað get ég gert ef barnsfaðir minn birtir myndir af barni okkar á Facebook í mína óþökk?

Bréfið var svohljóðandi:

Til fjölmiðla

Reykjavík, 11. apríl 2016

Efni: Umfjöllun um börn og starfsreglur fjölmiðla – spurningar

Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu og skoðanir fólks mótast að miklu leyti af umfjöllun þeirra. Sérstaklega mikilvægt er að fjölmiðlar vandi til verka þegar þeir fjalla um málefni sem varða börn með einum eða öðrum hætti.

Börn eru viðkvæmur þjóðfélagshópur sem þarf á sérstakri vernd að halda. Þetta endurspeglast meðal annars í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, en þar kemur fram að börnum skuli tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í athugasemdum í greinargerð með ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að nauðsynlegt geti verið að takmarka önnur mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar til þess að tryggja börnum þá vernd sem þau þurfa. Á það meðal annars við um tjáningarfrelsi. Ennfremur má benda á að samkvæmt 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013 og 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 á það sem er börnum fyrir bestu ávallt að hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða þau.

Þegar fjölmiðlar birta efni sem varðar börn með einum eða öðrum hætti er mikilvægt að þeir hugi að þeirri sérstöðu sem börn eiga að njóta og hafi hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Að mati umboðsmanns barna er það því miður ekki alltaf raunin. Má til dæmis nefna að reglulega birtast viðtöl þar sem foreldrar tjá sig um viðkvæm málefni barna sinna í fjölmiðlum, þar sem þau eru jafnvel nafngreind og myndir birtar af þeim. Börnin sjálf hafa

oft lítið um það að segja hvort eða hvar slík umfjöllun birtist eða ekki. Opinská umfjöllun um viðkvæm málefni barna getur valdið þeim vanlíðan og haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra.

Í 17. gr. Barnasáttmálans er sérstaklega fjallað um mikilvægi fjölmiðla og ábyrgð þeirra gagnvart börnum. Samkvæmt e-lið 17. gr. sáttmálans skulu aðildarríkin stuðla að því að mótaðar verði viðeigandi reglur um vernd barna fyrir upplýsingum og því efni sem skaðað geti velferð þeirra. Ljóst er að umfjöllun um einkalíf barna og myndbirtingar af þeim geta í sumum tilfellum talist efni sem getur skaðað velferð þeirra.

Að hluta til er e-liður 17. gr. Barnasáttmálans uppfylltur með fjölmiðlalögum nr. 38/2011. Má í því sambandi m.a. nefna 28. gr., 38. gr. og 41. gr. laganna sem fjalla með einum eða öðrum hætti um vernd barna gegn efni í fjölmiðlum. Þrátt fyrir ákvæði fjölmiðlalaga telur umboðsmaður barna að þörf sé á frekari reglum sem leggja þá skyldu á fjölmiðla að gæta sérstakrar varkárni þegar verið er að fjalla um börn og tryggja að umfjöllun sé ekki til þess fallin að hafa meiðandi eða niðurbrjótandi áhrif á þau. Umboðsmaður barna hefur skorað á Blaðamannafélag Íslands að endurskoða siðareglur sínar og bæta við ákvæði sem miðar sérstaklega að því að vernda börn, eins og gert hefur verið sums staðar á Norðurlöndum. Því miður hefur það enn ekki verið gert.

Umboðsmaður barna veit til þess að einhverjir fjölmiðlar hafa sett eigin starfsreglur eða viðmið. Óskar hann því eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hefur þinn fjölmiðill sett sér sérstakar starfsreglur eða viðmið sem miða að því að tryggja vandaða umfjöllun?
 - a. Ef svo er, er sérstaklega fjallað um börn í þeim reglum?
 - b. Ef ekki, er fyrirhugað að setja slíkar reglur?
2. Ná umræddar reglur eða viðmið bæði til þess þegar starfsfólk skrifar fréttir eða greinar og þess þegar birt er innsent efni frá öðrum?
3. Leitast þinn fjölmiðill við að tryggja sérstaka vernd barna með einhverjum öðrum hætti?

Loks óskar umboðsmaður barna eftir afriti af þeim reglum sem unnið er eftir, auk annarra upplýsinga sem kunna að skipta máli í þessu sambandi. Rétt er að taka fram að umboðsmaður barna starfar eftir lögum nr. 83/1994 um umboðsmann barna, en samkvæmt 5. gr. þeirra laga er einstaklingum, félögum og samtökum einstaklinga skylt að veita honum allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Ef frekari upplýsinga er óskað er hægt að senda tölvupóst á netfangið ub@barn.is eða hringja í síma 552-8999.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna



Fá svör bárust við bréfinu. Í lok árs hóf umboðsmaður barna samstarf við Barnaheill, Fjölmiðlanefnd, UNICEF á Íslandi og SAFT um gerð viðmiða um umfjöllun fjölmiðla um börn, sem gefin verða út á næsta ári.

ÞÁTTAKA BARNA

Umboðsmaður barna hefur alltaf lagt mikla áherslu á 12. gr. Barnasáttmálans sem fjallar um rétt barna til að tjá sig og að tekið sé tillit til skoðana þeirra. Umboðsmaður barna lítur svo á að börn séu sérfræðingar í því að vera börn og er því mikilvægt fyrir embættið að leita eftir röddum þeirra. Á síðastliðnum árum hefur börnum verið veittur ríkari réttur til þess að láta skoðanir sínar í ljós og að tillit sé tekið til þess sem þau hafa fram að færa. Umboðsmaður leggur sig því ávallt fram við að hitta börn og ræða við þau til þess að gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

RÁÐGJAFARHÓPUR UMBOÐSMANNS BARNA

Hjá umboðsmanni barna er starfandi ráðgjafarhópur ungmenna á aldrinum 13-18 ára en hópurinn er ráðgefi aðili fyrir embættið um málefni er snerta börn og ungmenni. Á þann hátt geta þau látið skoðanir sínar í ljós og haft áhrif á störf umboðsmanns barna. Öllum sem eru á áðurnefndum aldri og vilja hafa áhrif á samfélagið er velkomið að sækja um inntöku í hópinn. Ráðgjafarhópurinn hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og ræðir ýmis málefni og aðstoðar umboðsmann barna við að móta starf embættisins.

Byðst nemendum utan af landi ferðastyrkur til að taka þátt í ráðgjafarhópi umboðsmanns barna?

Eru það ekki réttindi unglinga að hafa sitt einkarými á heimilinu?

Á árinu 2016 voru 24 ungmenni s e m tóku misvirkan þátt í starfi ráðgjafarhóps umboðsmanns barna. Ráðgjafarhópurinn hélt 14 formlega fundi yfir árið auk funda með ráðamönnum, undirbúningsfunda og fræðsluerinda sem voru samtals

18 á árinu.



Ýmis málefni sem koma að frumkvæði ungmenna eða að beiðni umboðsmanns hafa verið rædd á fundum, t.d. áfengissala í verslunum, réttindi á vinnumarkaði, málefni hinsegin fólks, kannabisnotkun ungmenna og fleira. Þá leitar umboðsmaður barna reglulega til hópsins þegar hann vantar ráðleggingar í ýmsum málum. Að lokum er rétt að geta þess að ráðgjafarhópur umboðsmanns barna hefur átt gott samstarf við ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og ungmennaráð UNICEF á Íslandi.

Mega börn ræða sjálf við sýslumenn um þeirra eigin mál?

Með aðstoð tólmstunda- og félagsmálafræðings er búið að formfesta vinnubrögð hópsins og eru ráðgjafar orðnir sjálfstæðari í að stýra starfi sínu og öllum sínum fundum. Ráðgjafarhópurinn hefur unnið að handbók um sín störf. Í handbókinni er að finna samþykktir er lúta að vinnubrögðum hópsins, fundarsköp sem hópurinn hefur tileinkað sér og hvernig hópurinn getur staðið að verkefnastjórnun. Handbókin er sett fram á einfaldan hátt og í þeim tilgangi að ungmennaráð, hvar sem er á landinu, tileinki sér formlegri vinnubrögð. Handbókin er aðgengileg á heimasíðu embættisins og ætti að nýtast ungmennaráðum almennt í að formfesta vinnubrögð sín og er leiðbeinandi rit í vinnu ungmennaráða.

Ljóst er að hópurinn hefur mörg mikilvæg verkefni á sinni könnu en það allra mikilvægasta er að skapa boðleið á milli barna og ungmenna og samfélagsins þar sem raddir þeirra eru bæði marktækar og eftirsóttar þegar teknar eru ákvarðanir sem snúa að málefnum þeirra.

Verkefni fulltrúa ráðgjafarhóps umboðsmanns barna voru af ýmsum toga árið 2016, og má þar m.a. nefna:

- Fundarseta á vinnufundi á vegum stýrihóps um aðgerðir gegn ofbeldi sem haldinn var í lönó.
- Erindi á morgunverðarfundi Náum áttum sem bar heitið „Ungt fólk tapar á slökun í vímuvernd“, þar sem fjallað var um upplifun fulltrúa á forvörnum.
- Fulltrúar sátu ráðstefnuna „Skipta raddir ungs fólks máli?“ og voru fulltrúar með erindi á málstofu á ráðstefnunni þar sem fjallað var um hvers vegna ungmennaráð eru mikilvæg fyrir samfélagið og hvernig börn og fullorðnir geta lært hvert af öðru. Þá sögðu ráðgjafar frá reynslu sinni af því að vera í Ráðgjafarhópi umboðsmanns barna.
- Sameiginleg umsókn ungmennaráða Barnaheilla, Samfés, UNICEF og ráðgjafarhópsins til RANNÍS,

tilgangurinn var að skapa samráðsvettvang ungmennaráða.

- Ráðgjafarhópurinn ásamt ungmennaráði Barnaheilla og Núll prósent stóðu fyrir undirskriftalista vegna frumvarps til laga um breytingu á verslun með áfengi og tóbak. Markmiðið með undirskriftalistanum var að hvetja alþingismenn til að greiða gegn því og standa vörð um góðan árangur í áfengis-og vímuefnumálum ungs fólks á Íslandi.
- Þátttaka á fundi á vegum starfshóps skóla-og frístundaráðs Reykjavíkurborgar um sveigjanleika á milli grunn- og framhaldsskóla með fagleg sjónarmið og framtíðarsýn um gott skólakerfi, metnaðarfullt skólastarf og hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
- Samráðsfundur Menntamálastofnunar um aðkomu ungmenna að verkefnum stofnunarinnar og auka samráð við ungmenni um ákvarðanatöku innan hennar.
- Seta í samráðshópi á vegum Menntamálastofnunar sem fjallar um innleiðingu rafrænna prófa.
- Réttindafræðsla fyrir jafningjafræðslu Hins hússins.
- Réttindafræðsla fyrir stjórnmalaflokkana í aðdraganda Alþingiskosninga. Sendur var tölvupóstur á alla þingflokkana og boðið upp á fræðslu um störf hópsins og um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Fulltrúar ráðgjafarhóps stóðu fyrir réttindasmiðju á Landsmóti SAMFÉS.
- Þátttaka í ungmennaskiptaverkefni á vegum Evrópa unga fólksins um mikilvægi þátttöku ungs fólks.
- Réttindafræðsla fyrir ungmennaráð SAMFÉS þar sem farið var yfir Barnasáttmálann og skoðað hvernig ungmennaráð geta nýtt sér hann í sínum störfum.
- Málstofan „Börn eru sérfræðingar í að vera börn“ á ráðstefnu íslenskra æskulýðsrannsóknna.
- Bréf til forseta Ísland með beiðni um að funda með hópnum til að ræða um málefni barna og ungmenna.

Barnaréttindaverðlaunin

Barnaréttindaverðlaunin voru afhent í fyrsta sinn 16. september 2016. Þau eru afhent í nafni ráðgjafarhópsins, ungmennaráðs Barnaheilla og UNICEF, til þess þingmanns sem ráðin telja að hafi staðið sig best í að vekja athygli á og berjast fyrir réttindum barna á Alþingi ár hvert. Páll Valur Björnsson fyrrverandi alþingismaður og talsmaður barna á Alþingi fékk verðlaunin að þessu sinni.

Fundur með menntamálaráðherra

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna fundaði með mennta- og menningarmálaráðherra ásamt starfsmön-

um ráðuneytisins. Á fundinum voru ýmis málefni rædd og má þar nefna einstaklingsmiðað nám, skóla- og námsumhverfi, kennaramat og réttinda- og jafningjafræðslu. Einna helst var hópurinn að koma þeim skila- boðum á framfæri til ráðamanna að þeim beri skylda til þess að leita eftir röddum ungs fólks þegar kemur að ákvörðunartöku sem snýr að þeim.

Á fundinum skilaði ráðgjafarhópurinn formlegum tillög- um til ráðherra um þær leiðir sem hópurinn telur hent- ugar til þess að ná til barna og ungmenna. Er það von hópsins að ráðherra leiti oftast eftir sjónarmiðum barna og ungmenna áður en teknar eru ákvarðanir um mennta- mál og fylgi þannig 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í sinni vinnu.

Tillögurnar sem ráðgjafarhópurinn lagði fram eru þessar:

- Að mennta- og menningarmálaráðuneytið leiti markvisst eftir röddum barna og ungmenna, t.d. með kosningum, með því að leggja fyrir kannanir, leita í samráðsvettvang ungmennaráða eða leita til ráðgjafarhóps umboðsmanns barna þegar teknar eru ákvarðanir eða varðandi stefnumótun sem snýr að börnum og ungmennum.
- Að mennta- og menningarmálaráðuneytið stuðli að auknum áhrifum barna á sitt umhverfi, t.d. með því að tryggja að skylt verði að hafa reglulegt mat á kennurum og mat á skólastarfi og skólaumhverfi.
- Að mennta- og menningarmálaráðuneyti setji fram efni sem er aðlagð að börnum og ungmennum. Það er mikilvægt að upplýsingar séu á því máli sem allir skilja.
- Að mennta- og menningarmálaráðuneytið auki upplýsingaflæði til barna og ungmenna og vinni eftir 3. og 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem fjalla um hvað er börnum fyrir bestu og rétt þeirra til þess að hafa áhrif, t.d. með opnum kynningarfundum um breytingar á Aðalnámskrá grunnskólanna og breytingum á einkunnakerfi.



STJÓRNLÖG UNGA FÓLKSINS

Verkefnið „Stjórnög unga fólksins“, sem fór fram árið 2011, í tengslum við vinnu Stjórnlagaráðs við endurskoðun á stjórnskrá Íslands vakti athygli út fyrir landsteinana. En blaðamaður á vegum norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK) kom til Íslands til að safna efni í norræna handbók sem lýsir fyrirmyndarverkefnum þar sem lýðræði barna er í aðalhlutverki. Á árinu 2016 gaf norræna ráðherranefndin út bókina *Do rights! Nordic perspectives on child and youth participation* (Gerðu rétt!: Þátttaka barna og ungmenna út frá norrænu sjónarhorni). Framtíðarsýn norrænu ráðherranefndarinnar er sú að Norðurlöndin eigi að vera besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni. Ritinu er ætlað að hvetja stofnanir, fyrirtæki, einstaklinga og aðra til að viðurkenna ábyrgð sína og stuðla að þátttöku barna og ungmenna í lýðræðislegu samfélagi. Í bókinni er að finna verkefni frá öllum Norðurlöndunum sem geta talist góð dæmi um lýðræðislega þátttöku barna og ungmenna. Frá Íslandi er fjallað um verkefnið Stjórnög unga fólksins og kynnti fulltrúi verkefnastjórnar það verkefni á málþingi tengdu útgáfu bókarinnar í Kaupmannahöfn.

KRAKKAKOSNINGAR

Eins og fram kemur í Barnasáttmálanum eiga börn rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif á samfélagið. Umboðsmaður barna hefur því lagt áherslu á að hlusta á börn og veita þeim raunverulegt tækifæri til þess að hafa áhrif í samfélaginu. Í tengslum við forsetakosningar og Alþingiskosningar árið 2016 stóð umboðsmaður barna fyrir verkefni Krakkakosningar í samstarfi við KrakkaRÚV. Markmið þess var að gefa börnum í grunnskóla kost á því að taka þátt í kosningum og kjósa eftir sinni eigin sannfæringu og um leið fá fræðslu um kosningar og þau framboð og frambjóðendur sem í boði eru.

Af hverju mega börn ekki kjósa forseta?

Forsetakosningar krakkanna

Í tengslum við forsetakosningar sendu umboðsmaður barna og KrakkaRÚV bréf til allra grunnskóla þar sem leitað var eftir þátttöku grunnskóla í verkefni þar sem börnin kusu hvaða forsetaframbjóðandi höfðu mest til þeirra. Bréfið var svohljóðandi:

Hver er réttur fatlaðra barna til að tjá sig?

Til skólustjóra í grunnskólum

Reykjavík, 13. maí 2016

Efni: Samstarfsverkefni KrakkaRÚV og umboðsmanns barna, við grunnskóla á Íslandi

Börn eiga rétt á því að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif á samfélagið, en það kemur meðal annars fram í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Hinn 25. júní 2016 verða haldnar forsetakosningar á Íslandi. Margir einstaklingar hafa lýst því yfir að þeir hyggt gefa kost á sér. KrakkaRÚV og umboðsmaður barna hafa því ákveðið að standa fyrir forsetakosningum barna og gefa börnum þar með tækifæri á því að láta skoðanir sínar á frambjóðendum í ljós.

Stefnt er að því að allir frambjóðendur séu með 60 sekúndna myndband til þess að kynna sig og sína stefnu, ásamt því að kynna svör sín við spurningum frá ráðgjafarhópi umboðsmanns barna. Ætlunin er að myndböndin verði sýnd í skólum, ásamt kynningu á forsetaembættinu. Í framhaldi af því yrði börnum gefið tækifæri á að kjósa sinn frambjóðanda á þar tilbúnum eyðublöðum sem skólunum verður afhent. Á atkvæðaseðlum verða engar persónugreinanlegar upplýsingar og verður aðeins merkt við með einum krossi.

Til stendur að opna vefinn næstu mánaðamót og verða þá myndböndin frumsýnd um leið. Í beinu framhaldi af því myndu kosningarnar fara fram og verða þá opnar í um tvær vikur. Markmiðið er að niðurstöður þessara kosninga verði kynntar í kosningasjónvarpi RÚV á kosninganótt.

Tilgangur þessa bréfs er að óska eftir samstarfi við grunnskóla og biðja þá um að gera ráð fyrir kosningunum í skólustarfinu. Opnað verður fyrir kosningarnar 29. maí næstkomandi og þurfa niðurstöðurnar að hafa borist í síðasta lagi 15. júní næstkomandi.

Ef þörf er á frekari upplýsingum, vinsamlegast hafið samband í síma 552-8999.

Virðingarfyllt,
Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna og
Sindri Bergmann Þórarinsson, KrakkaRÚV-stjóri

Um 2.500 börn (yfir 5% barna á grunnskólaaldri) tóku þátt í að kjósa sinn forsetaframbjóðanda og voru úrslit krakkakosninganna tilkynnt í kosningasjónvarpi RÚV af fulltrúum úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna. Þar þar Guðni Th. Jóhannesson sigur úr bítum eins og meðfylgjandi mynd sýnir:

Alþingiskosningar krakkanna

Í tilefni af Alþingiskosningum sem voru 29. október 2016 stóðu umboðsmaður barna og KrakkaRÚV fyrir krakkakosningum á nýjan leik. Þar fengu börn tækifæri til að velja þann stjórnáaflokk sem þeim líst best á.

Allir grunnskólar fengu tækifæri til að taka þátt í þessu verkefni og voru sendar ítarlegar upplýsingar um framkvæmd kosninganna. Þar að auki var sérstakur kosningavefur opnaður þar sem hægt var að nálgast allt efni um stjórnáaflokkana, upplýsingamyndband um kosningar og lýðræði ásamt myndbandi um störf Alþingis. Niðurstöður krakkakosninganna voru birtar á kosningavöku RÚV á kosningadegi.

Í krakkakosningum til Alþingis tóku um 2.700 krakkar í 56 grunnskólum þátt í verkefninu og voru niðurstöðurnar kynntar á kosningavöku RÚV á kosningadegi. Helstu niðurstöður voru þær að Sjálfstæðisflokkurinn naut mesta fylgis meðal krakkanna, eða 24,3%. Það sem helst var frábrugðið kosningum fullorðinna var að Alþýðufylkingin fékk 13,5% atkvæða, en hún var mjög fjarri því að ná manni á þing.

Í tengslum við krakkakosningarnar stóð ráðgjafarhópur umboðsmanns barna fyrir réttindafræðslu fyrir þá stjórnáaflokka sem eru í framboði til Alþingiskosninga og voru flestir flokkar sem þáðu það boð.



UMSAGNIR

Er heimilt í lögum að unglingar frá 16-18 ára aldri greiði útlagsgjald, þeir eru ekki fjárráða? Myndi umboðsmaður barna beita sér í þessu máli?

Einn af mikilvægum þáttum í starfi umboðsmanns barna er að veita Alþingi umsagnir um lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar er varða hagsmuni og réttindi barna. Einnig kemur fyrir að óskað er eftir umsögnum um drög að frumvörpum eða reglugerðum sem eru í vinnslu hjá ráðuneytum. Árið 2016 veitti umboðsmaður barna umsagnir um eftirfarandi mál:

- Tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur.
- Frumvarp til laga um útlendinga, 728. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (hámarksgræiðslur sjúkratryggðra og þjónustustýring) 676. mál.
- Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barn eignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975.
- Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (lenging fæðingarorlofs og hækkun á hámarksgræiðslu), 261. mál.
- Frumvarp til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna), 361. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun), 354. mál.

Hver er erfða-réttur barna og ráðstöfun á fjármunum?

- Frumvarp til laga um almannatryggingar (barnalífeyrir), 197. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr notkun á skaðlegum efnum í neysluvörum, 247. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (mannréttindi), 104. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 180. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um bann við notkun gúmmíkurlis úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum, 328. mál.
- Frumvarp til almennra hegningarlaga (bann við hefndarklámi), 11. mál.
- Frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku (stytting vinnutíma), 259. mál.
- Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 13. mál.
- Frumvarp til almennra hegningarlaga (samningur Evrópuráðsins um baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401. mál.
- Athugasemdir við endurskoðun á lögum um Þjóðskrá og almannaskráningu, lögum um lögheimili og lögum um tilkynningu aðseturskippta.

Mega bankar láta 16 ára ungling fá fyrirframgreitt kreditkort án samþykkis foreldra?

Má senda kröfu í heimabanka hjá 15 ára barni?

Allar umsagnir umboðsmanns barna eru aðgengilegar á vefsíðu embættisins, www.barn.is.



SAMSTARF

INNLENDIR SAMSTARFSADILAR

Hjá umboðsmanni barna starfa einungis fjórir starfsmenn og er því mikilvægt fyrir starf embættisins að eiga gott samstarf við aðra sem vinna að málefnum barna. Umboðsmaður barna leitar reglulega eftir álitum hjá sérfræðingum á ýmsum sviðum, svo sem starfsfólki stofnana, félagasamtaka eða annarra fagaðila. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að eiga í góðu sambandi við samstarfsaðila og bauð þeim ásamt vinum í lok ársins í opið hús hjá embættinu. Á árinu 2016 átti umboðsmaður barna auk þess formlegt samstarf við eftirfarandi aðila:

Mega 16 ára börn vinna á næturvöktum?

Velferðarvaktin

Umboðsmaður barna átti sæti í Velferðarvaktinni á árinu, sem starfrækt er á vegum velferðarráðherra. Vaktinni er ætlað að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu og gera tillögur um aðgerðir í þeim efnum. Velferðarvaktin skal huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt, svo draga megir úr henni. Velferðarvaktin er ráðgefandi fyrir félags- og húsnæðismálaráðherra sem og stjórnvöld. Gert er ráð fyrir að vaktin afhendi ráðherra stöðuskýrslur með reglubundnum hætti, sem fjalla eftir atvikum um afmörkuð viðfangsefni og leggi fram tillögur til úrbóta sem stjórnvöld taki afstöðu til hverju sinni. Auk umboðsmanns barna eiga sæti fulltrúar Bandalags háskólamanna, Barnaverndarstofu, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Heimilis og skóla, UNICEF á Íslandi, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, landlæknis og fleiri aðila.

Bakland SAFT

SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Fulltrúi frá umboðsmanni barna á sæti í baklandi SAFT.

Námsvefurinn www.barnasattmali.is

Umboðsmaður barna hefur undanfarin ár átt í samstarfi við Barnaheill – Save the Children á Íslandi, UNICEF á

Íslandi og Námsgagnastofnun. Helsta markmið þess samstarfs er að stuðla að aukinni vitund almennings um Barnasáttmálann. Samstarfið hófst árið 2008 með útgáfu veggspjalda og bæklinga og á árinu 2009 var settur upp fræðsluvefurinn www.barnasattmali.is. Vefurinn er ætlaður til notkunar í leik- og grunnskóla en hentar einnig öðrum aldurshópum.

Háskólinn í Reykjavík

Frá árinu 2009 hefur verið samkomulag í gildi milli umboðsmanns barna og lagadeildar Háskólans í Reykjavík um að taka á mótum meistaranevnum í starfsnámi.

Náum áttum

Umboðsmaður barna hefur átt fulltrúa í Náum áttum sem er opinn samstarfs hópur þeirra sem láta sig varða heill barna og ungmenna. Náum áttum er fræðslu- og forvarnarhópur sem skipuleggur morgunverðarfundir einu sinni í mánuði yfir vetrartímum um ýmis mál sem varða forvarnir og velferð barna og ungmenna sem talið er vert að vekja athygli samfélagsins á.

Má barn kaupa happabrennur úr sjálfsafgreiðslukössum?

Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna

Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) er ætlað að hafa frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna sem varða börn á leikskólaaldri. Á árinu 2016 sat umboðsmaður barna í stjórn RannUng.

SAMAN-hópurinn

Umboðsmaður barna hefur setið í SAMAN-hópnum sem er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana sem láta sig velferð barna og fjölskyldna þeirra varða. Markmiðið er að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglungum stafar af áfengi og vímuefnum, styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar. Þetta hefur verið gert með auglýsingum ásamt fræðslu- og kynningarefni.

Annað

Umboðsmaður barna átti samstarf með teymi um málefni innflytjenda, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Námsgagnastofnun, Reykjavíkurborg, Samtökin Móðurmál og Samtök kvenna af erlendum uppruna. Tilfni samstarfsins var að vekja athygli á málefnum barna sem eru innflytjendur. Samstarfshópurinn stóð að tveimur málþingum á Grand hóteli: „Hvernig

tryggjum við rétt allra barna óháð uppruna?" og „Öll börn eru mikilvæg. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna lögfestur á Íslandi“.

ERLENDIR SAMSTARFSADILAR

12 ára stúlka: Ég passa mikið fyrir foreldra mína, nánast á hverjum degi. Má það/er það allt í lagi?

Fundur umboðsmanna barna á Norðurlöndunum

Árlegir norrænir fundir hafa reynst ákaflega mikilvægir í starfi embættanna en starf umboðsmanns barna er þess eðlis að hann verður að vinna að mestu óháður öðrum stofnunum samfélagsins. Það er því mikils um vert að geta með þessum hætti haft samráð við aðra sem vinna við sömu eða svipaðar aðstæður. Að þessu sinni var fundur norrænna umboðsmanna haldinn, dagana 18.-20. júní í Kaupmannahöfn. Fundurinn var mjög gagnlegur og tók til ýmissa málefna sem varðar börn. Á þeim fundi gerðu umboðsmenn með sér sameiginlega yfirlýsingu um réttindi barna í leit að alþjóðlegri vernd.


Árið 2015 komu allt að 90.000 börn og ungmenni til Norðurlandanna í leit að alþjóðlegri vernd. Mörg þessara barna eru að flýja hættulegar aðstæður og hafa upplifað

margt slæmt á leið sinni um Evrópu, sem hefur haft áhrif á andlega og líkamlega heilsu þeirra. Mörg börn upplifa áfallastreitu og er því mikilvægt að veita þeim sérstakan stuðning. Nauðsynlegt er að börn hælisleitenda séu meðhöndluð á grundvelli þeirra réttinda sem þeim eru tryggð í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmála Evrópu þegar þau koma til Norðurlandanna. Umboðsmenn barna skora á ríkisstjórnir Norðurlandanna til þess að kappkosta að tryggja réttindi þeirra barna sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd.

Er eðlilegt eða skynsamlegt að biðja börn um formlega undirskrift þegar kemur að þátttöku í rannsóknum eða könnunum?

Það er von umboðsmanna barna á Norðurlöndunum að norrænu ríkisstjórnirnar tryggja heilðræna nálgun í þessum málum, sem byggir á réttindum hvers barns. Þeir beina því til ríkisstjórnanna að öll börn sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd fái:

- aðgang að markvissri heilbrigðis- og félagsþjónustu sem er aðlöguð að þörfum hvers barns.
- nauðsynlega lækniþjónustu.
- eftirlit með heilsu barns við málsmeðferð og eftir vistun í sveitarfélagi.



- nauðsynlega og markvissa geðheilbrigðisþjónusta.
- rétt til menntunar og skólagöngu til jafns við önnur börn.
- aðgang að þroskavænlegu samfélagi.
- fyrirsjáanlega málsmeðferð og að gagnsæi sé viðhaft.
- öruggt og tryggt húsnæði.
- öruggt og stöðugt aðgengi að teymi fullorðinna sem vinna gegn hvarfi barna og ungmenna.

Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC)

Dagana 20. til 22. september fór fram árlegur fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC), sem er tengslanet umboðsmanna barna í Evrópu. Meginefni fundarins var réttur allra barna til menntunar. Þó voru ýmis önnur málefni rædd á fundinum, þar á meðal málefni barna í leit að alþjóðlegri vernd.

Á árinu sendi ENOC frá sér fréttatilkynningu vegna barna á faraldsfæti. Þar kemur meðal annars fram að a.m.k. 337.000 börn séu á meðal skráðra hælisleitenda í Evrópu, en það gerir um þriðjung allra hælisleitenda. Umboðsmenn barna í Evrópu hafa verulegar áhyggjur af stöðu þessara barna, en þau þurfa að glíma við ýmsar hættur:

- Um 30% þeirra sem látast á leið sinni yfir Miðjarðarhafið eru börn.
- Börn eru í hættu við að vera aðskilin frá fjölskyldu sinni.
- Umkomulaus börn eru í mikilli hættu við að verða fórnarlömb mansals.

13
ára stelpa:
Get ég orðið
ólétt svona
ung?

Umboðsmenn barna í Evrópu skora á Evrópuráðið meðal annars að móta aðgerðaráætlun fyrir öll börn sem eru í þessari stöðu. Þá telja þau afar brýnt að bæta aðstæður barna á faraldsfæti, að réttur þeirra til menntunar sé virtur, aðstæður á móttökumiðstöð flóttamanna séu bættar og að barnaverndarkerfi sé ávallt til staðar.

Fundur á vegum UNICEF í Tyrklandi

Umboðsmanni barna var boðið af UNICEF í Tyrklandi að kynna starfsemi umboðsmanns barna á Íslandi fyrir umboðsmanni barna þar í landi. Markmið ráðstefnunnar var að styðja við starfsemi embættisins þar sem það er nýstofnað. Ráðstefnan hét Bridging Together for Children's Rights. Exchange of Good Practice on Ombudspersons' Work Concerning Children. Tyrkneskum embættismönnum var einnig boðið að taka þátt og var salurinn fullskipaður. Til að nýta ferðina vel ákvað umboðsmaður að fljúga í gegnum Sviss og heimsótti skrifstofu Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna í leiðinni með það fyrir augum að tryggja gott upplýsingaflæði og auka samvinnu milli þessara aðila. Einnig heimsótti umboðsmaður fastanefnd Íslands í Sviss og loks fór hann og heilsaði upp á höfuðstöðvar UNICEF í Genf og kynnti þar störf sín. Ferðin var afar ánægjuleg og skemmtileg.



HEIMSÓKNIR, FUNDIR, MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR

HEIMSÓKNIR OG FUNDIR

Mega börn banna foreldrum að fylgjast með bankareikningum sínum?

Umboðsmaður barna fékk á árinu margar heimsóknir frá einstaklingum og fulltrúum stofnana og félagasamtaka. Sömuleiðis heimsóttu umboðsmaður barna og starfsfólk embættisins ýmsar stofnanir og félagasamtök á árinu. Auk þess átti umboðsmaður fundi með ýmsum aðilum í samfélaginu með það fyrir augum að efla samvinnu þeirra sem vinna að hag barna. Hér á eftir má sjá lista yfir þær stofnanir/samtök sem umboðsmaður barna heimsótti eða fundaði með:

- Allsherjar- og menntamálanefnd
- Forsætisáðherra
- Starfshópur innanríkisráðuneytisins um réttarstöðu barna við andlát foreldris
- Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins
- Mennta- og menningarmálaráðherra
- Nefndasvið Alþingis
- Samgöngustofa
- Velferðarnefnd
- Open Society Foundation
- Samtökin Erindi
- Félag heyrnarlausra
- Skóla- og frístundasvið
- Tabú

Fylgir íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkur starfsreglum sínum og vinnubrögðum og reglugerð varðandi hollustuhætti á sund- og baðstöðum?

Auk þess voru fleiri heimsóknir eða fundir sem fjallað er nánar um í köflum skýrslunnar. Að lokum er rétt að geta þess að umboðsmaður barna heimsótti skóla, ungmennaráð og félagasamtök í tengslum við kynningar á embættinu, sbr. upptalningu á bls 8.

Tengslafundur fyrir félagasamtök sem starfa að hagsmunamálum barna


Mikilvægt er fyrir umboðsmann barna að vita að hverju hin ýmsu félagasamtök vinna að á hverjum tíma. Ákvað umboðsmaður því að koma á fót samráðsvettvangi ólíkra aðila sem vinna með einum eða öðrum hætti að því að gæta hagsmuna barna og bæta réttarstöðu þeirra. Markmið fundarins er að ræða hagsmuna- og réttindamál barna út frá ýmsum hliðum og

Hvaða reglur gilda um merkingu leikfanga?

efla samráð og samstarf milli aðila sem vinna með einum eða öðrum hætti að því að bæta stöðu barna í samfélaginu. Þá er markmiðið einnig að skiptast á upplýsingum en einnig fræða þá sem starfa á þessum vettvangi um réttindi barna. Þá gefst félagasamtökum tækifæri til að kynna sig og helstu verkefni sín.

Af hverju geta börn ekki fengið íþróttastyrk hjá tveimur sveitarfélögum ef foreldrar búa ekki í sama sveitarfélagi og eru með sameiginlega forsjá?

Að þessu sinni hélt umboðsmaður barna tengslafund, þann 6. október 2016, á skrifstofu embættisins, þar sem hann var einnig með örnámskeið um réttindi barna. Á fundinn mættu fulltrúar frá 19 félagasamtökum, auk starfsfólks umboðsmanns barna.



MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR

Hvað er hægt að gera ef þjálfari beitir börn líkamlegum refsingum?

Janúar

Skýrslu um börn á Íslandi sem líða efnislegan skort. Kynning á vegum UNICEF á Íslandi. Þjóðminjasafn Íslands.

„Væntingar og veruleiki: Hvernig tryggjum við faglegt leikskólastarf?“ Morgunverðarfundur á vegum RannUng. Grand hótél.

Landssamráð um aðgerðir gegn ofbeldi. Vinnufundur á vegum stýrihóps innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis. Iðnó.

Febrúar

„Verndum börnin – alþjóðleg stefna í vímuefnum.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Börn á flóttu: Þjónar stefnan í málefnum hælisleitenda á Íslandi markmiðum Barnasáttmálans?“ Málþing á vegum UNICEF á Íslandi og lögfræðisviði Háskólans á Bifröst. Þjóðminjasafn Íslands.

„Skipta raddir ungs fólks máli?“ Ráðstefna á vegum Evrópa unga fólksins í samstarfi við umboðsmann barna, UMFÍ, SAMFÉS og Samband íslenskra sveitarfélaga. Hilton Reykjavík Nordica.

„Réttindi barna í hælismeðferð.“ Fræðslufundur á vegum innanríkisráðuneytisins. Innanríkisráðuneytið.

Mars

„Leikskólastarf og forvarnir.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Forsetaembættið í stjórnskipun Íslands.“ Fundarröðin Forseti Íslands: Hvers konar embætti er þetta? á vegum Stjórn málafræðideildar, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, Sagnfræðistofnunar og Lagastofnunar við Háskóla Íslands. Háskóli Íslands.

Apríl

„Eru börn í framhaldsskólum? Ábyrgð foreldra og skóla á velferð barna.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

Getur barnavernd breytt lögheimili barns?

„Tvö heimili barns, reynsla feðra og sjónarhorn kerfiskenningarinnar.“ Málstofuröð Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd. Háskóli Íslands.

„Forsetaembættið sem sameiningartákn.“ Fundarröðin Forseti Íslands: Hvers konar embætti er þetta? á vegum Stjórn málafræðideildar, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, Sagnfræðistofnunar og Lagastofnunar við Háskóla Íslands. Háskóli Íslands.

„Börn sem passa ekki í kassann.“ Lausnaþing á vegum umboðsmanns barna ásamt ýmsum félagasamtökum sem vinna að málefnum barna. Háskóli Íslands.

Mai

„Gildi í leikskólastarfi – norrænt samstarfsverkefni.“ Morgunrabb RannUng. Háskóli Íslands.

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra 2016.

Hvað er gert ráð fyrir að sé kostnaður á mánuði við hvert barn? Eru til einhverjar opinberar tölur um það?

Júní

Opinn fundur um stöðu mannréttinda á vegum innanríkisráðuneytisins. Iðnó.

Ársfundur UNICEF á Íslandi. Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst

„Niðrandi orðræða um hinsegin fólk.“ Námskeið á vegum Hinsegin Daga. Iðnó.

„Geðheilsuvernd á meðgöngu og eftir fæðingu.“ Tengslafundur á vegum Miðstöðvar foreldra og barna.

September

„Rafrettur og munntóbak – nýr lífsstíll eða óvæginn markaðssetning.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Fundur fólksins.“ Lýðræðis- og stjórn málahátíð. Norræna húsið.

„Að bæta skólabrag.“ Ráðstefna á vegum Erindis – samtaka um samskipti og skólamál. Salurinn Kópavogi.

„Starfsdagar Samfés.“ Umboðsmaður barna með málstofu. Haldin á vegum Samfés. Úlfjótavatni.

„Snjalltæki og notkun þeirra, réttindi, skyldur og ábyrgð foreldra og barna.“ Erindi frá umboðsmanni barna. Haldið á vegum Samfok.

Október

„Foreldrar í vanda. Mikilvægi stuðnings og fræðslu til foreldra.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Öryggi barna – ný hugsun – ný nálgun.“ Barnaverndarþing á vegum Barnaverndarstofu. Grand hótél.

„Réttarstaða og velferð barna við andlát foreldris.“ Ráðstefna á vegum innanríkisráðuneytisins og velferðarráðuneytisins í samstarfi við Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Norræna húsið.

„Vinnuvernd alla ævi.“ Ráðstefna á vegum Vinnueftirlitsins. Hilton Reykjavík Nordica.

„Hvernig getur samfélagið stuðlað að bættri velferð ungs fólks.“ Málþing á vegum Nordens Vælfærðscenter og Vinnumálastofnunar. Norræna húsið.

Nóvember

„Of mikið á netinu? – áhrif snjalltækja.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Global Leadership summit!“ Ráðstefna á vegum GLS. Háskólabíó.

„Kviði barna og ungmenna.“ Morgunverðarfundur á vegum Heimilis og skóla í samstarfi við félag grunn-

skólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Grand hótél.

Ráðstefna Norrænu velferðarvaktarinnar. Hilton Reykjavík Nordica.

Viðurkenning Barnaheilla. Nauthóll.


„Íslenskar æskulýðsrannsóknir.“ Ráðstefna á vegum Námsbrautar í tómsunda- og félagsmálafræðum við Menntavísindasvið í samstarfi við Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, Rannsóknarstofu í bernsku- og æskulýðsfræðum, Félag fagfólks í frítímaþjónustu og fleiri. Ráðstefnan var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Háskóli Íslands.

Desember

„Bridging Together for Children Rights: Exchange of good practises on Ombudsman's work concerning children.“ Ráðstefna á vegum UNICEF í Ankara, Tyrklandi.

14
ára stúlka:
Hvernig fæ
ég pappíra fyrir
ættleiðingu á mér og
að breyta nafninu
mínu?

Foreldrar
minir neita
að hjálpa mér.
Hvað get ég
gert?



VIÐAUKI

Þann 24. maí 2017 gaf umboðsmaður barna út skýrsluna „Helstu áhyggjuefni 2017“. Í þeirri skýrslu er fjallað um þær athugasemdir sem brýnast er að koma á framfæri við umboðsmannaskipti sem fram fara 1. júlí 2017. Skýrslan var gefin út rafrænt og er aðgengileg í heild sinni á vef-síðu umboðsmanns barna, www.barn.is. Í þessum viðauka birtist samantekt þeirra skýrslu.

SAMANTEKT

Tillögur umboðsmanns barna

Umboðsmaður barna hefur í þessari samantekt fjallað um þær athugasemdir sem hann telur brýnast að koma á framfæri á þessum tímamótum. Vissulega hefðu fleiri mál átt erindi í þessa umfjöllun, svo sem þörf á að auka öryggi barna, t.d. í umferðinni, við íþróttaiðkun og í skólum og vernd gegn ýmiss konar ofbeldi. En það sem skiptir mestu máli þegar fjallað er um málefni barna er vinnulag við ákvarðanatöku og viðhorf til barna og réttinda þeirra. Ef vilji og rétt hjartalag er fyrir hendi er hægt að gera margt en þegar þekking á réttindum barna og nægilegt fjármagn fylgja stefnumótun og lagasetningu er fyrst hægt að búast við árangri.

Umboðsmaður barna hefur alltaf reynt að hafa bjartsýni og jákvæðni að leiðarljósi þegar hann bendir á það sem betur má fara. Að mati sumra er umboðsmaður á stundum of róttækur en það er samt sem áður von hans að tillögur hans til úrbóta nái eyrum allra handhafa ríkisvaldsins og annarra sem taka ákvarðanir fyrir börn. Hér á eftir eru tillögur umboðsmanns úr fyrri köflum teknar saman.

Börn eiga sín eigin réttindi

- Að íslenska ríkið tryggji nægt fjármagn til fræðslu um efni Barnasáttmálans og þær kröfur sem hann gerir, fyrir börn jafnt sem fullorðið fólk og stofnanir og fagstéttir sem fást við málefni barna. Þetta er forsenda þess að hægt sé að bæta samfélagið til hagsbóta fyrir börn.
- Að opinberir aðilar sýni gott fordæmi með því að temja sér þann hugsunarhátt sem Barnasáttmálinn boðar og nýta sér hann sem tæki til þess að tryggja réttindi barna.

Viðhorf og þekking á réttindum barna

- Að íslenska ríkið og sveitarfélög standi við það sem hefur verið lofað og fari eftir lögum og reglugerðum sem sett hafa verið til að tryggja réttindi barna.
- Að opinberir aðilar vandi vinnubrögð, sérstaklega þegar kemur að ákvörðunum sem varða börn.
- Að allir í samfélaginu sýni umönnun barna og faglegu starfi með þeim virðingu í samræmi við mikilvægi þessara þátta fyrir samfélagið allt.
- Að íslenska ríkið fullgildi og innleiði 3. valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann að undangengnu átaki þar sem stjórnvöldum og úrskurðaraðilum er boðin fræðsla um kröfur Barnasáttmálans þegar kemur að þjónustu við börn.



Friðhelgi einkalífs og ákvarðanataka

- Að fræðsla, reglur og lagaframkvæmd miði að því að deilur foreldra bitni sem minnst á börnum.
- Að dómstólar, sýslumenn og foreldrar virði alltaf rétt barna til að tjá sig áður en teknar eru eða endurmetnar ákvarðanir um forsjá, umgengni eða búsetu, óháð því hvort deilur séu á milli foreldra eða ekki.
- Að foreldrar og aðrir, svo sem fjölmiðlar, sem birta opinberlega myndir eða upplýsingar um börn á Netinu hugi að réttindum og hagsmunum barna með sjálfstæðu mati.
- Að stjórnvöld og dómstólar virði réttindi barna, þeim til verndar gegn ofbeldi og nauðung.
- Að stjórnvöld setji ákvæði í lög sem tryggja að drengir fái sjálfir að ákveða hvort þeir vilji láta umskera sig þegar þeir hafa aldur og þroska til.
- Að heilbrigðisstarfsfólk breyti ekki líkómum ungra barna með ódæmigerð kyneinkenni að óþörfu og að stuðlað verði að vitundarvakningu um að kyn og kyngervi séu ekki endilega fastmótuð hugtök, heldur ákveðinn skali mannlægs fjölbreytileika.
- Að Þjóðskrá gefi vilja barna aukið vægi þegar kemur að nafnabreytingum.
- Að stjórnvöld uppfylli skyldur 3. og 12. gr. Barnasáttmálans þegar þjónusta við börn er skert, sérstaklega þegar ákvörðun um skerta þjónustu hefur mikil áhrif á daglegt líf barna og velferð.

- Að hætt verði að bjóða foreldrum upp á að takmarka rétt barna sinna til að tjá sig í könnunum sem lagðar eru fyrir nemendur í vísinda- og forvarnaskyni.
- Að mikilvægar ákvarðanir um skólastarf verði ekki teknar nema með samráði við nemendafélög og fulltrúa nemenda í skólaráði.
- Að Alþingi breyti æskulýðslögum þannig að sveitarfélögum verði gert skylt að starfrækja ungmenntaráð og setji þeim skýrar reglur.

Jafnræði


- Að stjórnvöld safni upplýsingum um hag barna og þjónustu við þau og noti þær til að tryggja réttindi þeirra hópa sem standa höllum fæti þegar kemur að efnahagslegum gæðum og mismunandi þjónustu sveitarfélaganna.
- Að börn foreldra á leigumarkaði fái að njóta æsku sinnar í öruggu húsnæði og að foreldrum þeirra verði tryggð aðstoð til að geta séð þeim fyrir nauðsynjum.
- Að hætt verði að líta á umgengnisforeldra sem barnlausa einstaklinga og þeim tryggður sá stuðningur sem þeir þurfa til þess að geta sinnt framfærslu og umgengni við börn sín.
- Að sjúkratrygging, sem einstaklingar frá ríkjum utan EES sem fá hér dvalarleyfi eiga að kaupa sér, taki til kostnaðar vegna meðgöngu og fæðingar.



- Að lög um fæðingar- og foreldraorlof verði endurskoðuð þannig að börnum verði ekki mismunað með ómálefnalegum hætti eftir stöðu foreldra þeirra. Lengja ætti fæðingarorlof í eitt ár.
- Að börnum standi til boða vist á ungbarnaleikskóla sveitarfélaga frá eins árs aldri.

Börn sem þurfa aðstoð og vernd

- Að þeir sem koma að úthlutun opinbers fjár kynni sér og skilji hvernig snemmtæk ihlutun hjá börnum með sérþarfir getur dregið úr vanda barna, minnkad þjáningu og sparað í opinberum rekstri til lengri tíma og þeir taki ákvarðanir í samræmi við það.
- Að þeir sem taka ákvarðanir um hvers konar aðstoð eða afgreiðslu börn með sérþarfir fá, gæti þess að börn foreldra sem eru ekki í stakk búinir til að berjast fyrir rétti þeirra fái sambærilega þjónustu og önnur börn. Þá er brýnt að huga að því að koma fram við hvert einasta barn sem sjálfstæðan einstakling með eigin réttindi.
- Að við úthlutun fjármuna verði tryggt að börn með sérþarfir hafi greiðan aðgang að fagfólki sem sinnir greiningum, meðferð, þjálfun og aðstoð. Efla þarf þær stofnanir sem sinna börnum með sérþarfir og biðlistum í þessum málaflokkum verður að útrýma til langframa.
- Að barnavernd verði eflað þannig að mála fjöldi á hvern barnaverndarstarfsmann verði ásættanlegur. Að börn geti alltaf hringt eða sent skilaboð til barnaverndarstarfsmanns á vakt.
- Að barnaverndarnefndir meti alltaf hvort þörf sé á því að skipa barni talsmann í barnaverndarmáli og þeim börnum sem gætu þurft að vista utan heimilis.
- Að langþráð meðferðarúrræði fyrir börn með tví- eða fjölpættan vanda verði að veruleika sem allra fyrst. Ríkið hætti þar með að brjóta á rétti þeirra barna sem aðrar stofnanir ríkis og sveitarfélaga hefur ekki tekist að sinna sem skyldi.
- Að stjórnvöld og aðrir sem taka á móti fjölskyldum í leit að alþjóðlegri vernd tryggji börnum sérstaka hagsmunagæslu og gæti þess að komið sé fram við börn sem sjálfstæða einstaklinga með eigin réttindi. Þau hafi m.a. rétt til menntunar, heilbrigðisþjónustu, til að leika sér og fá upplýsingar um eigin stöðu og áhrif á eigið líf.
- Að stjórnvöld sendi aldrei börn í hættulegar aðstæður og að ákvarðanir um brottvísun og veitingu dvalarleyfis og alþjóðlegrar verndar séu teknar í samræmi við það sem er viðkomandi barni eða börnum fyrir bestu. Að þau fái að koma sjónarmiðum á framfæri við meðferð málsins.







UMBOÐSMAÐUR BARNA

Kringlunni 1, 5. h. – Sími 552 8999 – Barnasími gjaldfrjálst númer 800 5999
Fax 552 8966 – Netfang: ub@barn.is – Veffang: www.barn.is